



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

Mannfræði

**Konur og karlar í nefndum; „Við eigum að
velja hæfasta fólkið“**

Ásta Jóhannsdóttir

Október 2010

Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir

Nemandi: Ásta Jóhannsdóttir

Kennitala: 060878-5019

Ágrip

Í þessari ritgerð eru kynntar niðurstöður rannsóknar um viðhorf sveitarstjórnarmanna og nefndarmanna í nokkrum nefndum, til kynjaskiptingar í nefndum sveitarfélaga. Þær nefndir sem eru til skoðunar eru félagsmálanefnd og skipulagsnefnd. Karlar eru í miklum meirihluta í skipulagsnefndum sveitarfélaga, á meðan konur eru í miklum meirihluta í félagsmálanefndum. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt við rannsóknina og aflað gagna með viðtölum við fimm einstaklinga og einn hóp. Markmið með rannsókninni var að fá sýn þeirra sem starfa að sveitarstjórnarmálum, á ástæðum fyrir skiptingu kvenna og karla í ákveðnar nefndir og viðhorf þeirra til þessarar skiptingar. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá fram sýn þeirra sem starfa í sveitarstjórnnum og í nefndum á vegum sveitarfélaga. Til þess að fá betri yfirsýn yfir ástæður þess að hlutverk kynjanna í nefndum eru eins fastmótuð og raun ber vitni, þrátt fyrir jafnréttislög.

Meginniðurstöður benda til þess að almennar hugmyndir um kynin séu ein af helstu ástæðum þess að kynin skipta sér í mismunandi nefndir. Ennþá eru til staðar ákveðnar tvíhyggjuhugmyndir um kynin, að þau séu andstæður. Það sem er talið kvenlegt er andstætt við það sem er talið karlmannlegt. Eðlilegra þykir að konur séu inni á einkasviðinu og karlar á því opinbera. Orðræða um hæfni var áberandi meðal þátttakenda í rannsókninni og átti það sérstaklega við um hæfni í skipulagsnefnd, en skipulagsnefnd var talin erfðasta nefndin. Eins var mikið talað um mismunandi áhugasvið kynjanna. Þó kom fram sú skoðun hjá nokkrum þátttakendum að með aukinni þekkingu á ákveðnu málefni, kæmi áhugi. Rannsóknin bendir þó til að hefðbundin kynjahlutverk séu lítið að breytast, og verulegt átak þurfi að gera í samfélaginu til þess að ýta við þeim.

Abstract

This thesis presents the finding of a research about the view of alderman and commissioners of different committees, towards the division of gender in different local authorities committee. The committees for discussion are, social affairs committee and planning – and construction committee. In the planning – and construction committee male's are dominating group, but in the social affairs committee females are the majority. Qualitative research methods were used and five people plus one group was interviewed. Aim of the research was to get the view of those who work in the municipal affairs, of the reasons for the division of gender in these committees and their attitude towards this division. The purpose of this research was to get the view of those who know the subject and to get better perspective of the reason why gender roles in these committees are as fixed as they are, despite equal rights law.

The study shows that the general ideas we have about the sexes are the main reason for this division. There are still definite dualism ideas about the sexes that occur; that what is feminine must be opposed to what is masculine. The normality is that women are in the private sphere and men in the public sphere. The discourse about qualification was salient, especially qualification in the planning – and construction committee, which was considered the hardest committee. A lot was talked about different area of interest between the sexes. Yet there was an opinion of quite many participants that interest area followed increased knowledge of certain issues. That gives us the idea that learning to know different kind of issues (masculine or feminine) increases interest area. The study indicates that traditional gender roles have not changed as much as one might think, and significant effort has to be made in the community to change them.

Formáli

Þessi ritgerð er metin til 40 eininga og er lokaverkefni í meistaranámi í mannfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var dr. Unnur Dís Skaptadóttir prófessor við Háskóla Íslands og þakka ég henni kærlega fyrir góða og fræðandi leiðsögn. Þórarni Torfasyni bókmenntafræðingi og kennara vil ég þakka fyrir ýtarlegan yfirlestur og gagnrýni á ritgerðina. Viðmælendum mínum þakka ég fyrir þátttökuna og sérstaklega hversu viljugir þeir voru að leyfa mér að skyggast inn í hugarheim þeirra. Meðganga og fæðing þessa verkefnis hefur verið allt í senn erfiður og skemmtilegur tími. Að verða svona hugfangin af ákveðnu viðfangsefni gerir það að verkum að alltaf er eitthvað að gerjast í kollinum á manni. Fjölskylda mín og vinir eiga þakkir skildar fyrir endalusa þolinmæði þann tíma og að hafa hlustað af áhuga á hinar ýmsu hugleiðingar mínar, aftur og aftur. Syni mínum vil ég þakka sérstaklega fyrir mikinn skilning og óbilandi trú á móður sinni.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Hluti: Fræðilegur bakgrunnur	4
2.1 Femínismi	4
2.2 Mannfræðikenningar	6
2.3 Eðlishyggja	8
2.4 Kyn og kyngervi	9
2.5 Lýðræði og pólitísk þátttaka	11
2.6 Póststrúktúralismi	13
2.7 Samantekt	14
3. Hluti: Íslenskt samhengi og lög	17
3.1 Sagan	17
3.2 Hugmyndafræði Kvennaframboðs og Kvinnalista	18
3.3 Upplifun og reynsla Kvinnalistakvenna	20
3.4 Staða jafnréttismála á Íslandi	21
3.5 Staðan í ákveðnum nefndum	22
3.5.1 Árið 1990-1992	22
3.5.2 Árið 2007	23
3.6 Jafnréttislög og nefndir sveitarfélaganna	25
3.7 Samantekt	27
4. Hluti: Aðferðir	29
4.1 Eigindleg rannsóknaraðferð	29
4.2 Öflun og skráning gagna	30
4.3 Greiningaraðferðir	30
5. Kynning á rannsóknargögnum	32
5.1 Tími	32
5.2 Vettvangur	32
5.3 Þátttakendur	32

5.4	Siðfræðileg álitamál.....	33
6.	Hluti: Rannsóknarniðurstöður	35
6.1	Niðurstöður.....	35
6.2	Kyn	35
6.2.1	Skiptir kyn máli?	36
6.2.2	Munur á milli kynjanna	37
6.3	Hæfni	39
6.3.1	Hverjir eru hæfastir?.....	39
6.3.2	Fagmenn eða leikmenn?	41
6.4	Þyngd nefnda	44
6.4.1	Skipulagsnefnd	44
6.4.2	Félagsmálanefnd.....	46
6.5	Sjálfsmynd	47
6.6	Áhugasvið.....	49
6.6.1	Munur milli kynja.....	49
6.6.2	Þekking og áhugi	50
6.7	Viðhorf	53
6.8	Ábyrgð á framkvæmd jafnréttislaga	55
6.9	Samantekt	58
7.	Umræður og samantekt.....	59
7.1	Ólík hæfni kvenna og karla?.....	59
7.2	Eðlislegur munur á kynjunum?	62
7.2.1	Andstæðurnar	63
7.3	Er þetta allt spurning um áhugasvið?	63
7.4	Samfélagsleg mótun?.....	64
7.5	Ábyrgð á framkvæmd jafnréttislaga	66
8.	Samantekt og lokaorð	67
	Heimildaskrá	70
	Lagaskrá	73

1. Inngangur

Hlutfall kynjanna í ákveðnum nefndum sveitarfélaga á Íslandi er verulega ójafnt, þrátt fyrir að jafnréttislögin kveði á um annað. Tilhneiging er til þess að sumar nefndir séu „kvennanefndir“ en aðrar „karlanefndir“. Mál eins og félagsmál og málefni barna eru „mjúk“ mál og heyra undir kvennanefndir. En skipulagsmál, byggingar og hafnarmál eru hin svokölluðu „hörðu“ mál og heyra undir karlanefndir. Í þessari rannsókn er kafað nánar ofan í ástæður fyrir kynjaskiptingu í nefndir sveitarfélaganna og þær nefndir sem fjallað er um eru skipulagsnefnd og félagsmálanefnd, en í þeim nefndum er kynjaskipting hvað mest. Ég notaði eigindlegar rannsóknaraðferðir, viðtöl og þátttökuathugun. Vettvangurinn sem varð fyrir valinu er þúsund manna sveitarfélag og er niðurstöðunum ætlað að varpa ljósi á heildina, því staðan er svipuð um allt land.

En hvers vegna er það svo? Eru kynin eðlislega svona ólík? Eða eru þau svona samfélagslega mótuð? Er einhver sérstök hæfni eða fagþekking sem verður að vera til staðar? Er kannski engin sérstök ástæða, aðeins tilviljun sem ræður því hvort nefndir eru eingöngu setnar af öðru kyninu? Er áhugi fyrir því, innan sveitarstjórnar, að vinna að jöfnu hlutfalli kynjanna í nefndum og hver ber ábyrgð á þeirri framkvæmd? Þessum spurningum verður leitast við að svara og þannig fæst hugsanlega útskýring á því hvað veldur að kynin starfa frekar í einni nefnd en annarri. Ég ræddi við fólk í þessum nefndum ásamt því að ræða við sveitarstjórnarfólk og fékk þeirra sýn á þessi málefni.

Sú þekking sem hefur orðið til innan femínismans og kynjafræðinnar er mikilvægur grunnur til þess að skilja betur stöðu kynjanna og samfélagið sem við búum í. Það er stundum þannig að við sjáum ekki hið augljósa fyrr en athygli okkar er beint að því. Staða kynjanna er ágætt dæmi um það. Við sjáum ekki endilega alltaf það sem við lifum og hrærumst í. Hlutirnir eru eins og þeir eru og það er ekkert endilega nein sérstök ástæða fyrir því. Póststrúktúralismi leitast við að útskýra fyrir okkur hvernig og hvers vegna staðan er eins og hún er. Hvernig valdastrúktúrinn liggur og hver sé sannleiksvilji valdhafa, sem hagnast á að viðhalda ákveðinni orðræðu. Sem fræðikona staðset ég mig sem póststrúktúralískan femínista.

Ástæðan fyrir því að ég réðst í þetta verkefni er einmitt sú, og mér fannst áhugavert að grafa dýpra. Það er mikið af upplýsingum til um stöðu jafnréttismála, tölulegar staðreyndir um hin ýmsu mál. Tölulegar staðreyndir segja samt aðeins hvernig hlutirnir eru en ekki af hverju. Það er eðli félagsvísinda að leita skýringa á fyrirbærum, ekki bara að telja saman staðreyndir, þó svo það sé vissulega nauðsynlegt með. Ég vil með þessari rannsókn finna ástæður fyrir því að, þrátt fyrir jafnréttislög með kynjakvóta, sækja flestar konur í félagsmálanefnd en ekki skipulagsnefnd. Eins hvers vegna karlar fara í skipulagsnefnd en ekki félagsmálanefnd. Mér finnst mikilvægt að skoða ástæðurnar til þess að hægt sé, með skipulegri hætti að vinna í þessum málum. Eru jafnréttislögin nóg, og þarf tíminn bara að vinna með okkur? Ef ekki, hvað þarf að koma til svo bæði kynin komi að þessum málum í sínu sveitarfélagi?

Það er mikilvægt að bæði kynin taki jafnan þátt í stefnumótun sveitarfélaganna, ekki er nóg að konur móti einar félagsmálin og karlar móti einir skipulags- og byggingarmálin. Það er nokkuð ljóst að eftir því sem nefndin er breiðari, því fleiri sjónarmið íbúanna koma fram. Eins mikilvægt og það er að kortleggja skiptingu kynjanna í nefndir sveitarfélaganna, þá er ekki síður mikilvægt að skoða ástæður þessarar skiptingar. Hægt er að spyrja sig hvers vegna mikilvægt sé að bæði kynin taki þátt í að móta stefnu sveitarfélaga, en sterkustu rökin eru lýðræðisrök. Til þess að lýðræðið virki sem skyldi þurfa þeir sem fara með valdið að endurspegla hlutfall þeirra borgara sem valdhafar starfa fyrir. Því verða konur að vera virkar í skipulagsmálum síns samfélags og karlar að taka þátt í félagsmálum síns samfélags, því þessi mál snerta alla í samfélaginu. Farið verður þó betur í þau rök síðar í ritgerðinni. Engu að síður tel ég rétt að nefna þau rök hér þar sem þau eru helsta ástæðan að mínu mati fyrir því að jafna þurfi hlut kynjanna í nefndum sveitarfélaga. Það er von mín að þessi rannsókn verði mikilvægur þáttur í að skilja betur ástæðurnar að baki hegðunar karla og kvenna við val í nefndir.

Ritgerðin skiptist í sex hluta; Fyrst er það inngangur. Því næst fræðilegur bakgrunnur, þar á eftir er fjallað um íslenskt samhengi og lög, því næst er farið yfir þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru, í lokin eru svo rannsóknarniðurstöður kynntar og svo umræður og samantekt. Í öðrum hlutanum verður farið yfir helstu kenningar og rannsóknir á sviðinu. Femínískar kenningar og femínísk mannfræði ber þar helst að nefna en einnig félagsfræðilegar

kenningar um félagsmótun og eðlishyggju. Póststrúktúralískar kenningar verða einnig reifaðar og svo farið yfir aðrar rannsóknir um þetta efni. Í þriðja hluta er gerð grein fyrir sögu kvennabaráttu og hugmyndafræði og reynslu Kvinnalistakvenna og farið yfir rannsóknir á stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum á Íslandi á síðustu átján árum. Einnig verður farið yfir breytingar á jafnréttislögum til þess að undirstrika þann lagaramma sem nefndirnar eiga að starfa eftir. Í fjórða hlutanum geri ég grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar voru við öflun gagna, en þar er vettvangi og þátttakendum í rannsókninni gerð skil. Í fimmta hlutanum geri ég grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og flétta svo saman rannsóknarniðurstöður við fræðilegar heimildir til að varpa ljósi á rannsóknarspurningarnar sem settar voru fram. Í sjötta hlutanum verða svo umræður og lokaorð.

2. Hluti: Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum hluta verður gerð grein fyrir þeim kenningarlega bakgrunni sem ritgerðin byggir á. Fræðilegur bakgrunnur er mikilvægur til þess að skoða stöðu þekkingar og staðsetja rannsóknina innan hennar. Fléttast þar saman mannfræðikenningar, femínískar kenningar, kenningar um eðlishyggju og félagsmótun og áhrif póststrúktúralisma á karlmennsku og kvenleika. Helstu rannsóknir á þessu sviði verða einnig kynntar til sögunnar til þess að varpa ljósi á rannsóknarspurningar mínar.

2.1 Femínismi

Upphaf femínismans má rekja til pólitískrar hugmyndafræði bæði frjálslyndisstefnunnar og marxismans á 19. öld. Eftir að eiginlegar kvenna-og kynjarannsóknir hófust á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar hefur þó fræðilegt sjálfstæði femínismans aukist jafnt og þétt (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Cudd og Andreasen (2007) nefna að í femínískum fræðum felist tilraun til þess að leggja vitsmunalega merkingu í undirskipan kvenna og um leið að gagnrýna hana. Þessi saga byrjaði með Upplýsingunni, sem fæddi af sér hugmyndina um að þeir sem heyra ættu undir lögmæt yfirráð þyrftu að samþykkja þau. Reyndar var þetta ekki hugsað sérstaklega fyrir konur af þeim hugsuðum sem fyrst veltu þessum hugmyndum fyrir sér. En hugmyndir hafa tilhneigingu til þess að skjóta rótum annars staðar en þeim er ætlað og það varð tilfellið í frjálslyndisstefnunni. Upphaf femínískra kenninga skaut rótum í huga kvenna og manna eins og Mary Wollstonecraft, Poulain de Le Barre, Harriet Talor og John Stuart Mill (Cudd og Andreasen, 2007). Skýrðu þau stöðu kvenna með því að konur hefðu ekki enn náð sama rétti og karlar innan samfélagsins og ekki haft sömu menntunarmöguleika. Þorgerður Einarsdóttir (2004) bendir á að frjálslyndur femínismi hafi síðan verið gagnrýndur fyrir það að vera ónæmur á hversu karllægt samfélagið sé og hversu karlmiðuð hugmyndin um hinn fullgilda einstakling sé. En þessi fyrsta bylgja femínismans var þó framsækið afl á sínum tíma, þegar konur voru útilokaðar frá samfélagslegri þátttöku. Þessi bylgja náði fram kosningarétti kvenna, eignarrétti og rétti til aukinnar menntunnar (Cudd og Andreasen, 2007).

Marxískur femínismi tengdi saman kvennakúgun við stéttakúgun. Kvennakúgun var talin afleiðing af stéttakúgun og þar afleiðandi talið að konur yrðu sjálfkrafa frjálsar þegar stéttakúgun væri aflétt. Gagnrýni á marxískan femínisma beindist að því hversu einskorðaður hann er við hugmyndafræði marxismans og því valdalíkani sem hann byggði á. Konur eru annars flokks þegar í karlavelði, hvort sem þau byggja á kommúnisma eða kapítalisma (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Þó svo báðar þessar kenningar, femínismi og marxismi, fjalli um vald sem slíkt, þá þurfa þær að spyrja sig sömu spurningar; voru það yfirráð karla sem sköpuðu kapítalisma, eða er kapítalisminn aðeins ein hlið á yfirráðum karla? Eins hvort það séu tengsl milli þeirra staðreynda að hinir fáu hafi ráðið yfir fjöldanum og að þessir fáu hafi verið karlar? (MacKinnon, 1982). Karlmennt hafa viðhaldið yfirráðum sínum með því að hagræða stofnunum samfélagsins sér í hag. Líka í ríkjum sem kennd eru við kommúnisma. Marxisminn getur því ekki nægt til þess að útskýra kúgun kvenna (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Önnur bylgja femínismans er yfirleitt tengd ártalinu 1949, en það ár gaf Simone de Beauvoir út bók sína *Hitt kynið (Le deuxième sexe)*. Annarrar bylgju femínistar töldu að þó svo pólitísk og lagaleg réttindi kvenna væru mikilvæg þá væru þau ekki nóg til þess að binda enda á undirokun kvenna. Karlreimba væri rótgróin í allar hliðar mannlegs lífs, þar með talið efnahagslega, stjórnmálalega og félagslega þætti mannlífsins. Einnig væru sjálfsögð norm og venjur hversdagslífsins ásamt persónulegum samböndum þrungið slíkri undirokun kvenna. Markmið annarrar bylgju femínista var að breyta nánast öllu sjónarhorni á persónulegt og pólitískt líf (Cudd og Andreasen, 2007) og segja að hið persónulega sé pólitískt (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Sérstök reynsla kvenna sem konur, á sér stað innan þess sviðs sem er kallað hið persónulega svið – einka, tilfinningalega, hið innra, innilega – að þekkja þetta er að þekkja pólitík kvenna, því til að þekkja pólitík kvenna þarf að þekkja persónulega sviðið. Með því er hægt að sjá og sanna hvernig kyngervi hefur áhrif á skiptingu valds í gegnum persónulega reynslu kvenna (MacKinnon, 1982). Einnig er hægt að tala um persónulegt svið kvenna sem einkasviðið, eða það sem við kemur heimili og fjölskyldu. Fyrirmyndin um opinbera – og einkasviðið hefur verið mjög sterk í félagslegri mannfræði vegna þeirrar tengingar sem hægt er að finna við menningarlegt gildismat um tegundina „konu“ og fyrirkomulag á kvennastörfum

í samfélaginu. Ortner bendir á að ein ástæða fyrir því að lítið sé á að konur séu taldar nátengdari náttúrunni, sé sú staðreynd að þær eru tengdar einkasviðinu frekar en opinbera sviði samfélagsins. Þrátt fyrir ákveðna andstöðu gegn þessari skiptingu, hefur orðið til almennur rammi utan um hugmyndir okkar um athafnir kynjanna (Moore, 1988). Það sem áður var talið málefni kvenna eða tilheyrja einkasviðinu, eins og nauðganir, fóstureyðingar, samkynhneigð, vændi og klám, þetta er allt orðin hluti af pólitíkinni. MacKinnon bendir einmitt á að aukin meðvitund hafi orðið að pólitískri framkvæmd. Það að efla meðvitund fólks hefur því varpað ljósi á að tengsl kynjanna er sameiginleg staðreynd og því ekkert persónulegri heldur en stétta tengsl (MacKinnon, 1982).

Þriðja bylgja femínismans hófst uppúr 1980 og vildu þriðju bylgju femínistar horfa meira til margbreytileika. Þeir töldu að margbreytileika hefði vantað í femínískar kenningar og pólitík hingað til. Annarrar bylgju femínistar hefðu ekki verið nægilega góðir fulltrúar þegar kom að reynslu, áhuga og málefnum litaðra kvenna. Ein ástæða þess var að annarrar bylgju femínistar voru flestar hvítar miðstéttar – konur sem tóku ekki nægilegt tillit til félagslegra aðstæðna. Þriðju bylgju femínistar töldu að ekki væri hægt að setja konur í einn flokk, eða tala almennt um kvennakúgun sem samræmt fyrirbæri (Cudd og Andreasen, 2007). Það má segja að femínískir mannfræðingar hafi brugðist við þessari gagnrýni, því áhersla þeirra á mismun og á samband kynjamismunar og annars mismunar gefur tækifæri til að efast um ágæti þess sem félagsleg mannfræði kallar menningarlegan mismun. Með því er ekki verið að halda fram að hunsa eigi menningarlegan mun, heldur að mismunur í félagslegu lífi fólks svo sem – kyn, stétt, kynþáttur, menning, saga osfrv – sé upplifað, búið til og samþykkt í tengslum við hvert annað (Moore, 1988). Það er því alveg ljóst að fleiri breytur heldur en kyn skipta máli í upplifun einstaklinga.

2.2 Mannfræðikenningar

Viðfangsefni mannfræðinnar eru ólík og því er nauðsynlegt að skoða þann aðferðafræðilega grunn sem mannfræðin hvílir á. En þó svo viðfangsefnin séu ólík er grunnurinn sá sami. Eins og Haraldur Ólafsson (1998) bendir á þá er;

„Mannfræðin ein þeirra fræðigreina sem leitast við að skilja manninn, eðli hans og athafnir, stöðu hans meðal lifandi tegunda og sérstöðu hans sem félagsveru sem býr við menningu. Hún leitar að því sem er sammannlegt með því að kanna og bera saman samfélagsgerðir og lifnaðarhætti fólks sem víðast, og á grundvelli þeirra rannsókna að setja fram kenningar um hvað eina sem snertir mannlegt hátterni, bæði einstaklinga og hópa“ (Haraldur Ólafsson, 1998, 10).

Menning og samfélag manna er stór partur af rannsóknum mannfræðinga vegna þeirra áhrifa sem þau hafa á hegðun einstaklinga. Hægt er að skilgreina hugtakið *menning* sem flókna heild sem mynduð er af þeim reglum, trúarhugmyndum, siðum og venjum sem flytjast frá einni kynslóð til annarrar. Hún sé lærd hegðun, sem lærist í uppeldi barna og með því að aga einstaklinga. Félagslegt taumhald er stór þáttur í að viðhalda menningu samfélagsins. Samfélagið er svo hópur einstaklinga sem býr við sameiginlega menningu (Haraldur Ólafsson, 1998). „Émile Durkheim benti á hve samfélagið er sterkt afl í lífi einstaklinganna og raunar það afl sem er öllum öðrum áhrifaríkara við að móta fólk og gefa lífi þess inntak. Það er samfélagið sem ákvarðar hugmyndir einstaklinganna um sjálfa sig og annað fólk, náttúruna og heimsrásina“ (Haraldur Ólafsson, 1998, 21). Frank Boas var sammála þessari fullyrðingu Durkheim, en hann taldi að ákvarðanir manna væru ekki skynsamlegar í þeirri merkingu að þær væru teknar að vandlega íhuguðu máli heldur réðu venjur og tilfinningar mestu um. Algengast væri að gömlum siðum væri fylgt hugsunarlaust (Haraldur Ólafsson, 1998). Mannfræðin skoðar þess vegna tengsl milli einstaklinga og samfélags, sem dæmi valdatengsl, mismun, áhrif og umboð. Til að kafa nánar ofan í það er hægt að skoða fjölskyldumynstur og stjórn málastrúktúr í samfélaginu (Moore, 1999). Það hvernig staða kynjanna innan samfélagsins er, og hvernig þátttaka þeirra er í opinberu lífi segir því mikið um hvernig samfélag er verið að rannsaka.

Það leiðir okkur að femínískri mannfræði. Hægt er að segja að femínísk mannfræði sé einn angi mannfræðinnar. Henrietta Moore er ein þeirra mannfræðinga sem hafa skrifað mikið um slíkar rannsóknir. Í bók sinni *Feminism and Anthropology* (1988) fjallar hún um þessa þróun innan fagsins. Fyrst hafi verið hægt að tala um kvenna mannfræði, þar sem tekið var tillit til hlutdrægni karla innan fræðigreinarinnar. Femínísk mannfræði er annað segir Moore:

„femínísk mannfræði er meira en rannsókn á konum, heldur rannsókn á kynjunum. Tengsl milli karla og kvenna, hlutverk kynjanna í uppbyggingu samfélagsins, saga þeirra, hugmyndafræði, efnahagslegt kerfi og pólitísk samsetning“ (Moore, 1988, 6). „Femínísk mannfræði hefur aðgreint sig með því að sýna fram á hvers vegna skilningur á samskiptum kyngerva þarf að vera þungamiðjan í greiningu á þeim lykilsurningum sem mannfræði og félagsfræðin spyrja sig“ (Moore, 1988, 195). Samkvæmt því er hægt að flokka þessa rannsókn sem femíníska mannfræðirannsókn.

2.3 Eðlishyggja

Mikið hefur verið rætt í gegnum tíðina um hvort mismunandi hegðun kynjanna sé vegna mismunandi eðlis karla og kvenna, sem er hin svokallaða tvíhyggja. Hinn mikli heimspekingur Aristóteles sagði kvendýr vera kvendýr vegna skorts á eiginleikum og að við yrðum að líta svo á að skapgerð kvenna sé gölluð frá náttúrunnar hendi (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Einnig segir hann að líta beri á konuna sem væri hún vanskapnaður sem kemur þó engu að síður upp við náttúrulegar aðstæður. Þessar náttúrulegu aðstæður eru væntanlega til þess að viðhalda mannkyni (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Sumum gæti þótt óþarfi að teygja sig svo langt aftur í söguna, en ég tel nauðsynlegt að líta til Aristótelesar vegna áhrifa hans á heimspeki, hugsuði og kristni allt til okkar tíma.

Þegar fjallað er um eðli kvenna og karla er það sett í samhengi við tvíhyggju kynjanna. Hvort kynið á að vera fulltrúi ákveðinna eiginleika og sundurgreining kynjanna gerir það að verkum að þau mynda andstæður sem geta af sér hugtakapör. Dæmi um slíkt er; menning og náttúra, skynsemi og tilfinningar, sál eða hugur og líkami. Karlar eru þá taldir vera fulltrúar skynsemi, menningar og hugar á meðan konan tengist náttúrunni í gegnum líkama sinn og er tilfinningavera (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999; Ortner, 1974). Vert er að taka fram að hvorugar þessara fræðikvenna aðhyllist slíka tvíhyggju, en það má velta því upp hvort enn eimi af þessari hugsun enn í dag og hvort ástæða fyrir vali kvenna og karla á ákveðnum sviðum séu mótuð af þessari gömlu tvíhyggju?

Fleiri heimspekingar heldur en Aristíoteles töldu eðli stjórna kynjunum. Í kenningum Hegels og Rousseau eru konur skilgreindar útfrá sínu náttúrulega hlutverki, og eiga þar af leiðandi að vera tilfinningastýrðari en karlar. Samkvæmt þeim er tilfinningasemi kvenna mjög neikvæð og beinlínis varasöm. Hegel orðar það þannig að ef konur væru í forystu ríkisstjórnar væri ríkið í hættu, því konur breyti ekki samkvæmt almennum lögmálum heldur samkvæmt tilviljanakenndum tilhneigingum og skoðunum (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Hérna er körlum eignuð öll skynsemi en konum engin og því ekki treystandi til þess að sinna pólitískum embættum. Þessar kenningar Hegels og Rousseau eru aðeins eitt dæmi, flestir þessara manna töldu náttúruna stjórna konum og karlar væru fulltrúar menningar.

Félagsvísindin hafna eðlishyggju kynjanna. Femínísk mannfræði er einn angi félagsvísindanna sem hefur náð að sýna fram á að það að vera kona er menningarleg og söguleg breyta, og að kyngervi sé félagslega uppbyggt og þarfnast alltaf ítarlegrar útlistunar innan alls samhengis (Moore, 1988).

2.4 Kyn og kyngervi

Innan femínískra fræða hefur lengi verið talað um kyn (e. sex) og kyngervi (e. gender). Kyn er þá líffræðilegt en kyngervi félagslegt. Kynhlutverk eru atferlismynstur sem konur og karlar taka þátt í, eftir því hvaða menningarlegu væntingar samfélagið hefur til kyns þeirra (Andersen, 2003). Þessar hugmyndir um félagslega mótað kyn má segja að hafi komið fram í dagsljósið með bók Simone de Beauvoir *Hitt kynið (Le deuxième sex)*. Beauvoir spurði alveg nýrrar spurningar „hvað er kona?“ (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, 25). Beauvoir kemst að þeirri niðurstöðu að eiginleikar konunnar verði til sem viðbrögð við aðstæðum.

Samkvæmt tilvistarheimspeki Beauvoir þá fullkomnar hver hugvera ekki frelsi sitt nema með því að vera sífellt að fara fram úr því til að öðlast annað frelsi. Hver einstaklingur finnur hjá sér þörf fyrir að réttlæta tilveru sína og finnur einnig fyrir óskilgreindri þörf til að víkka út eigin mörk og takast á við fyrirætlanir sem hann hefur valið sjálfur. En það sem skilgreinir á einstakan hátt stöðu konunnar er, að þótt í henni búi sjálfstætt frelsi, eins og í öllum manneskjum, þá uppgötvar hún sig

og velur að vera það sem hún er, í heimi þar sem karlmenn neyða hana til að axla hlutverk Hins. Karlmaðurinn er Kynið en konan er hitt kynið, frávikið frá Kyninu. Vandí kvenna liggur í þessum átökum milli grundvallarkröfu hvefarr hugveru um að hún sé sjálf merk og aðstæðna sem gera ráð fyrir að hún sé ómerk. (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Það sem Beauvoir á við er að móður-og húsmóðurhlutverkið ómerki konuna. Hún verði þræll aðstæðna og geti því ekki þanið sig út og þroskast eins og karlar geti. Þannig verði konan til. Hún fæðist ekki kona heldur verður kona vegna þessara aðstæðna. Kvenleikin sé því tilkominn vegna menningarlegrar og félagslegrar mótunar.

Ef það er eitthvað til í fullyrðingu Beauvoir að maður fæðist ekki kona heldur verði kona, þá fylgir í kjölfarið að „konan sjálf er hugtak í vinnslu, verðandi, túlkun sem ekki er hægt að segja að eigi sér upphaf eða endi. Því sé hugtakið opið íhlutun“ (Butler, 1990, 33). Það er því hægt að segja að kyn birtist og hverfi. Konur er ekki lengur bara konur og karlar eru ekki lengur bara karlar, gott dæmi um hversu fljótt þessi hugtök geta verið eru Michael Jackson, Madonna, Boy George og Prince. Hvorki kyn né kyngervi eru varanleg lengur (Moore, 1999). Butler bendir á að kyngervi sé afleiðing af stýrðum framkvæmdum þar sem reynt er að túlka eiginleika kyngervis og samræma í gegnum ágenga skyldubundna gagnkynhneigð (Butler, 1990). Ef karlar samsama sig ekki viðurkenndu kyngervi karla þá dettur fólki samkynhneigð í hug, einnig ef konur fara útaf spori kyngervis síns, þó það sé í raun viðurkenndara.

Því hlýtur kynhneigð að vera ákveðin mynd af valdi. Kyngervi sem félagslegur tilbúningur, er þá ímynd þess, ekki öfugt. Konum og körlum er skipt eftir kyngervi, mótuð í þessi kyn eins og við þekkjum þau, með félagslegum kröfum gagnkynhneigðarinnar, sem gerir karlkynið drottandi kynferðislega og konur kynferðislega undirgefna. Ef þetta er rétt, er kynhneigð lykilatriði í ójöfnuði milli kynjanna (MacKinnon, 1982). En hversu meðvituð erum við um þessa mótun? Hugmyndin um ómeðvitund kemur okkur í kynni við þá hugmynd að viðfangið (manneskjan) sé aldrei fyllilega meðvituð. Virkni og hegðun kyngervis geta þess vegna aldrei verið bara meðvitaðar langanir og þrár (Moore, 1999). Því má spyrja sig, hvenær er um að ræða áhugasvið kynjanna og hvenær mótun þeirra?

Mannfræðileg gögn benda þó til þess að flestu fólki finnist kyngervi sitt ekki vera sérstaklega fljótandi eða valkvætt (*sbr. hugmyndir Butler*). „Þetta á bæði við um það fólk sem streitist á móti venjum um kyngervi og þá sem augljóslega sætta sig við það“ (Moore, 1999, 158). Þess vegna er ekkert einfalt við hugmyndir Beauvoir og Butler, því ef manneskjur fá ekki rými til þess að móta sig sjálfar, þá breytist kyngervið seint. Þegar fólki finnst það taka meðvitaðar ákvarðanir, þó svo fræðimenn segi þær ekki fullkomlega meðvitaðar, þá er það persónuleg upplifun fólks sem hefur úrslita áhrif.

Það er þó mikilvægt að átta sig á því að fyrst kvenleikinn er félagslega mótaður, þá er karlmennska það líka. Enn þann dag í dag eru tvíhyggjuhugmyndir ráðandi í samfélaginu og kynin aðgreina sig skýrt. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) hefur fjallað um karlmennsku hugtakið. Hugtakið karlmennska er notað um þá hegðun og viðhorf sem eru ríkjandi meðal karla. Karlmennska er það sem greinir karla frá konum og er hugtakið gjarnan tengt valdi. Líkamlegur styrkur, agi, rökvisi, hlutlægni og samkeppni eru stórir þættir í viðteknum hugmyndum okkar um karlmennsku. Kvenleiki er þá það sem greinir konur frá körlum og hugmyndir okkar um kvenleikann fela í sér hæfileika til að tjá sig, sköpunargáfu, tilfinningasemi og valdaleysi. Á þessu má sjá að hugmyndir Aristótelesar um konur og karla eru enn sterkar í samfélaginu.

2.5 Lýðræði og pólitísk þátttaka

Hvers vegna viljum við jafna hlut kynjanna í opinberri stjórnarsýslu? Hvers vegna er það vandamál að hlutfallið sé ójafnt? Það er misjafnt hverja menn telja ástæðuna vera. Í jafnréttisskýrslum Evrópusambandsins eru rökin yfirleitt nytjarök. Það er að segja að við höfum ekki efni á að fara á mis við mannauð kvenna og að samfélagið hagnist á því að hafa bæði kynin við stjórnvölin (Lombardo, 2008). Þetta eru algeng og ágæt rök í sjálfu sér, en það sem skortir í þau eru hugmyndir okkar um lýðræðið. Stjórn málafræðingurinn Robert A. Dahl (2006) telur pólitískt jafnrétti vera eina af grundvallar forsendu lýðræðis. Allar manneskjur séu jafnar, að engin manneskja sé æðri annarri og hagsmunir allra séu jafnir. Það trúir því enginn í dag að þegar verkalýðurinn, konur og þjóðernis minnihlutahópar voru útilokuð frá pólitískri þátttöku að nægt tillit hafi verið tekið

til hagsmuna þessara hópa. Hvað þá að þeir hafi verið verndaðir fyrir þeim sem höfðu þau forréttindi að ríkja yfir þeim (Dahl, 2006). Þó svo þessir hópar séu ekki útilokaðir frá pólitískri þátttöku þá er mikilvægt lýðræðisins vegna, að allir hópar hafi sinn málsvara. Lýðræðisrökin tel ég vera mun sterkari en nytjarökin, þó þau eigi rétt á sér líka.

Þegar menn spyrja hvers vegna mikilvægt sé að konur taki þátt í stjórnámum nefnir Þorgerður Einarsdóttir (2000) þrennskonar sjónarmið. Í fyrsta lagi lýðræðisrökin, að konur séu fullgildir þjóðfélagsþegnar og það sé ekki nema réttlátt að þær eigi pólitíska fulltrúa í samræmi við það. Í öðru lagi að konur hafi með nærveru sinni áhrif á stjórnálin, þar sem lífsskilyrði og reynsla karla og kvenna séu mismunandi. Þátttaka kvenna hafi því áhrif á hvaða mál séu á dagskrá og hvaða ákvarðanir séu teknar í stjórnámum. Í þriðja lagi má halda því fram að karlar og konur hafi að hluta til ólíka og jafnvel andstæða hagsmuni og þar af leiðandi geti karlar ekki verið fulltrúar kvenna (Þorgerður Einarsdóttir, 2000).

Rannsóknir á stöðu kynjanna og pólitískri þátttöku eru mikilvægar í þessu samhengi. Emanuela Lombardo (2008) gerði rannsókn á jafnréttisstefnu á Spáni og í Evrópusambandinu. Þar kemur fram að helsta vandamál við þátttöku kvenna sé karlmennsku menningin sem sé svo djúpt greypt í pólitískar stofnanir. Aðrar hindranir séu skortur á auðlindum eða fjármagni, hömlur sem lagðar eru á konur vegna heimilis og umönnunarstarfa og sú kerfisbundna niðurröðun stjórnmála sem er til staðar sem vettvangur karla. Þegar menn reyna að finna lausnir á kynjahallanum þá er stöðugt talað um að auka hlut annars kynsins, oftast kvenna, sem lausn á vandanum. Í áðurnefndri skýrslu Lombardo kemur þetta viðhorf einmitt fram. Lombardo telur þó að ekki megi gleyma að greina vandann, hvers vegna kynjahlutfallið sé ójafnt (Lombardo, 2008). Hún telur að of hátt hlutfall karla sé alveg jafn mikið vandamál og lágt hlutfall kvenna. Því megi ekki gera konur að vandamálinu. Nauðsynlegt sé að krefjast þess að karlkyns stjórnmálamenn efli kvenkyns samherja sína. Engin áhersla er lögð á að þjálfa karlkyns stjórnmálamenn í að yfirstíga hugsanlega erfileika í því að líta á konur sem jafningja sinn. Þarna kemur Lombardo að grundvallaratriði. Jafnrétti hefur verið og er kvennamál. Það á bæði við á sveitarstjórnarstiginu og í Evrópusambandinu.

2.6 Póststrúktúralismi

Femínistar hafa löngum nýtt sér póststrúktúralismann til þess að skýra út kynhlutverk. Foucault er einn af upphafsmönnum póststrúktúralisma og í fyrirlestri sínum *Skipan orðræðunnar* (1970) gerir hann því skóinn að stofnanir okkar skapi orðræðuna. Orðræðan sé sem sagt ráðandi sannleikur og í samræmi við skipan laganna. En um leið og við stígum útúr þeirri orðræðu og spyrjum okkur hver sé sannleiksviljinn sem kemur fram í orðræðu okkar og hver sé markalínan sem stjórnari þekkingarvilja okkar þá kemur ef til vill í ljós eitthvað sem líkist útilokunarkerfi (Foucault, 1991[1970]). Það sé sem sagt eitthvað sem stjórnari orðræðu okkar og til þess að átta okkur á því þurfum við að stíga út fyrir og velta fyrir okkur hvers vegna einmitt þetta sé satt og rétt. Til dæmis fullyrðingar eins og: konur eru tilfinninganæmari og viðkvæmari en karlar eða karlar eru skynsamari og hugsa rökréttar heldur en konur. Við þessar fullyrðingar er hægt að setja margar spurningar: hvers vegna er þessu haldið fram? Hvaðan sprettur þetta og hverjir hafa hag af slíkri orðræðu? Samkvæmt Guðnýju Guðbjörnsdóttur lítur Foucault á orðræðu sem stofnanabundna orðanotkun fræðigreina, stjórn mála og menningar, það sem hægt er að segja frá eða tala um á ákveðnu augnabliki: viðurkennda þekkingu eða sannleika sem orðið hefur til í samskiptum ákveðinna félagslegra aflu (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001, bls. 11). Guðný (2007) telur einnig að póststrúktúralískar kenningar taki mið af hugveru sem er breytileg eftir aðstæðum. Hún er ekki alltaf sjálfri sér samkvæm og hefur ekki fastmótað sjálf, hvorki heildstætt, kynbundið, tengt eða afmarkað. Staða hugverunnar (einstaklingsins) og sjálfsmýnd fer þá eftir aðstæðum, valdastöðu, félagslegum tengslum og ráðandi orðræðu hverju sinni. Hvernig hugveran skilgreinir sjálfa sig er því pólitískt mál sem tengist félagslegum og menningarlegum öflum sem ná langt út fyrir meðvitund hins vitræna sjálfs manngildisstefnunnar. Því má segja að áherslan flytjist frá einstaklingnum sem meðvitaðs geranda sem túlkar merkingu fyrirbæra, yfir á samskipti og orðræðu tungumálsins í ræðu og riti (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007). Þar af leiðandi stjórnast hegðun okkar og tal af orðræðunni og kynin staðsetja sig í orðræðu sem mótast um kynhlutverk. Ef orðræðan stjórnar félagsmótun kynjanna og er menningarbundin þá ætti hún að vera breytanleg. En hvernig breytum við henni? Guðný telur upp nokkrar

skýringar á því hvers vegna konur velji umönnunarstörf í meira mæli en karlar. Samkvæmt póststrúktúralískum kenningum er hægt að skýra starfsvalið út frá ráðandi orðræðu, væntingum, hefðum, aðstæðum, launum og völdum. Skýring Nancy Chodrow á því af hverju karlar virðast í minna mæli tileinka sér umönnunarstörf er sú að konur annast ung börn sín fyrstu þrjú æviárin í mun meira mæli en feður. Til að stuðla að því að karlmenn væru umhyggjusamari ætti að fá feður í meira mæli til að annast börn sín fyrstu æviárin (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007). Það stóra og mikilvæga skref var þó tekið á Íslandi fyrir nokkrum árum með lögum um fæðingarorlof feðra, og hefur það að einhverju leiti breytt sýn okkar á hlutverk feðra.

Ýmsir fræðimenn telja að til þess að breyta ímynd kvenna í stjórnámálum þurfi að auka hlut þeirra með handaflí (Lombardo, 2008, Childs, 2004). Ef við höfum fleiri kvenkyns stjórnámálamenn og konur sem sinna þessum „hörðu“ málum í nefndum þá er þar kominn grundvöllur fyrir aðrar konur að stíga á. Ekki má heldur gleyma grundvelli fyrir karla til þess að stíga inn í „mjúku“ málin. Það þarf að velta á hvolf fyrri hugmyndum um karlmennsku og kvenleika, spyrna á móti orðræðunni.

2.7 Samantekt

Femínisminn hefur þróast frá því að vera partur af frjálslyndisstefnunni sem færði konum kosningarétt og eignarrétt yfir í það að skoða persónulega reynslu kvenna sérstaklega og samfélagslega undirokun kvenna, sem leiddi svo til skoðunar á margbreytileikanum og því að fleiri breytur en kyn hefðu áhrif á stöðu kvenna svo sem litarháttur og félagsleg staða. Mannfræðingar hafa löngum skoðað menningu og samfélag og áhrif þess á einstaklinga, sem gat svo af sér femíníska mannfræði þar sem konur og þeirra staða í samfélaginu eru sérstaklega til skoðunar. Þegar staða kvenna í samfélaginu er athuguð koma í ljós ýmsar eðlishyggjuhugmyndir, en þær má rekja allt aftur til Aristótelesar og fram til okkar tíma. Félagsvísindin hafna eðlishyggju kynjanna og hafa femínískir fræðimenn lengi talað um kyn og kyngervi. Segja má að upphafið að umræðu um kyngervi liggi hjá Beauvoir, en hún taldi konuna verða til vegna menningarlegrar og félagslegrar mótunar. Ljóst er að fyrst kvenleikinn er félagslega mótaður þá er karlmennskan það líka. Við gerum okkur ákveðnar hugmyndir um hvernig kynin skulu haga sér. Þessar

hugmyndir okkar um konur og karla eru að stórum hluta ástæðan fyrir því að karlar hafa tilheyrt opinbera sviðinu en konur einkasviðinu. Þegar kemur að því að reyna að auka hlut kvenna í stjórnámálum heyrast ýmiss rök. Fyrst ber að nefna nytjarök, að við höfum ekki efni á að missa af mannauði kvenna. Í öðru lagi að konur og karlar hafi ólíka hagsmuni og því verði sjónarmið beggja kynja að koma fram. Í þriðja lagi lýðræðisrökin, að það sé mikilvægt lýðræðisins vegna að allir hópar samfélagsins hafi sinn málsvara. Þegar þessi rök eru upptalin mætti ætla að jafnt hlutfall karla og kvenna væri við stjórnvölinn á Alþingi, í öllum sveitarfélögum og öllum nefndum, en svo er ekki og þá spyrja margir sig hvers vegna er svo ekki? Hvers vegna er kynhlutverkum haldið svo á lofti? Póststrúktúralisminn kemur með ákveðnar útskýringar á þessari orðræðu um kynin. Sá viðurkenndi sannleikur sem orðið hefur til um kynin viðheldur ákveðnu valdakerfi. Valdakerfi sem er íhaldsamt og til þess að velta þessu valdakerfi úr sessi þurfum við að endurskoða fyrri hugmyndir okkar um karlmennsku og kvenleika.

Kenning Beauvoir um að kvenleikinn sé tilkomin vegna menningar og félagslegrar mótunar vekur einmitt upp spurningar um hvers vegna konur og karlar sækja í mismunandi nefndir? Er það þá ekki vegna þess að menningin og samfélagið hafi mótað okkur í ákveðin hlutverk? Því eins og Boas og Durkheim benda á, þá eru það venjur og tilfinningar sem ráða mestu um ákvarðanir okkar. Ef ákvarðanir okkar eru ómeðvitaðar, hvernig vitum við hvað er okkar og hvað er samfélagsins? Ef manneskjan er aldrei fyllilega meðvituð og hegðun og virkni hennar þá ekki heldur, er það menningin sem ræður því að konur „henti“ betur í félagsmálanefnd og karlar í skipulagsnefnd? Vegna þess hversu konur eru tengdari fjölskyldu og einkalífi en karlar tengdir við menningu og opinbera sviðið? En ef Beauvoir hefur rétt fyrir sér þá er konan hugtak í mótun og því ætti að vera hægt að breyta hugtakinu kona. En hvernig breytum við hugmyndum okkar um kynin? Því eins og Moore segir þá finnst fólki kyngervi sitt ekki vera fljótandi eða valkvætt, sem útskýrir það að ef þú ert kona þá hagar þú þér á ákveðin hátt. Þetta er svo útskýrt sem ólík áhugasvið kynjanna. Ef við tökum póststúrkúralíska nálgun á efnið, þá gætum við sagt að eðlishyggjusjónarmiðin séu einmitt það sem viðhaldi félagsmótun kynjanna.

Á þessu sést að almenna umræðan um kynin er ekki laus undan eðlishyggju. Það er því nauðsynlegt að spyrja spurninga um mismunandi eðli karla og kvenna, og hvort kynin séu í eðli sínu svona ólík. Það verður áhugavert að sjá hvort viðmælendur mínir telji ástæðuna fyrir til dæmis vali kvenna á félagsmálanefndum og fæð karla þar vera vegna þess að konur séu tilfinningastýrðari og tengdari einkasviðinu en karlar og það sé í lagi í þeirri nefnd en gangi ekki í skipulagsnefnd? Eða hvort þetta snúist um ólíkt áhugasvið eða ólíka hæfni karla og kvenna? Eins þarf að spyrja hvort vilji sé fyrir því að jafna kynjahlutföllin og hver beri ábyrgðina.

3. Hluti: Íslenskt samhengi og lög

Til þess að átta sig betur á stöðunni þarf að skoða hana í íslensku samhengi. Barátta íslenskra kvenna ruddi brautina og breytti stjórn málaumhverfi á Íslandi. Kvenréttindakonur börðust fyrir kosningarétti, konur fóru að láta að sér kveða í stjórn málum og Kvinnalístinn leit dagsins ljós. Jafnréttislögin á Íslandi hafa verið í stöðugri endurnýjun og er svo komið að þau kveða á um kynjakvóta í nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í þessum hluta verður farið yfir sögu kvennabaráttu á Íslandi og þá sérstaklega sögu og reynslu Kvinnalístakvenna. Því næst skoðað hvernig staðan er í sveitarfélögum á Íslandi, og borið saman við stöðuna á tíunda áratugnum. Að lokum verður svo farið yfir þær breytingar á jafnréttislögum sem hafa átt sér stað á þrjátíu ára tímabili.

3.1 Sagan

Kvennabarátta á Íslandi á sér langa sögu. Nafn Bríetar Bjarnhéðinsdóttur þekkjast flestir en hún er ein af forkólfum íslenskrar kvennabaráttu. Bríet átti stóran þátt í að koma af stað fyrstu bylgju kvenréttindabaráttunnar hér á landi og barðist fyrir kosningarétti, kjörgengi og rétti kvenna til menntunnar og atvinnu. Hún var einn af stofnendum Kvenréttindafélags Íslands og var formaður félagsins í tvo áratugi (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 2006). Þó tókust fljótlega á þau viðhorf hvort konur ættu að halda áfram að sækja fram eða standa kyrrar. Á þriðja áratug síðustu aldar var íhaldssöm þjóðernishyggja mikið við lýði og tókust konur á opinberlega í gegnum tvö kvennatímarit, *19. júní* og *Hlín*. Tímaritið *19. júní* lagði áherslu á að konur litu á sig sem fullveðja þjóðfélagsborgara en tímaritið *Hlín* boðaði aðallega þá stefnu að hlutverk kvenna væri fyrst og fremst húsmóður- og móðurhlutverkið. En almennar hugmyndir manna virtust vera þær að þátttaka kvenna í opinberu lífi og stjórn málum fæli í sér upplausn heimilanna (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Þessi viðhorf tókust á en kvennabarátta hélt áfram. Það sem hefur verið kallað þöglu árin, eða árin frá 1920-1960 voru síður en svo þöglul. Sigríður Th. Erlendsdóttir (1997) segir baráttu kvenna þá hafa einkennst af kjarabaráttu þar sem veruleg leiðrétting hafi verið komin á lagaleg réttindi kvenna. Uppúr sjöunda áratug síðustu aldar varð þó veruleg vakning í kvennabaráttunni og fór Ísland ekki

varhluta af þeirri vakningu. Síðla árs 1970 var Rauðsokkahreyfingin stofnuð á fjölsóttum kynningarfundi í Norræna húsinu. Rauðsokkur notuðu öll ráð til þess að vekja athygli á bæði augljósu og földu misrétti kynjanna og fjölluðu meðal annars um barneignir, getnaðarvarnir og fóstureyðingar, barnaheimili og barnauppeldi, húsmæður og mat á heimilisstörfum. Rauðsokkahreyfingin þótti ansi róttæk og árið 1974 urðu ákveðin vatnaskil innan hreyfingarinnar þegar róttæk stefnuskrá var samþykkt. Við þá samþykkt gengu nokkrar konur úr hreyfingunni í mótmælaskyni. Árið 1982 þegar Kvennaframboðið kom fram kusu margar rauðsokkur að starfa með þeim og Rauðsokkahreyfingin hætti störfum (Kvennasögusafn, e.d.)

Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur nefnir þrjár ástæður fyrir því að Kvennaframboðið var stofnað. Í fyrsta lagi staða konunnar á vinnumarkaði og á heimilum. Útivistandi konur sátu uppi með tvöfalt vinnuálag vegna kynbundinnar verkaskiptingar á heimilum, launamunur kynjanna var þar að auki mikill, aðeins 8% barna hafði aðgang að dagvistun og 2% að skóladagheimilum. En lítill pólitískur vilji var til að auðvelda konum vinnu utan heimilis. Í öðru lagi má nefna valdaleysi kvenna, en konur voru varla sýnilegar í stjórnámálum og þótti þeim kerfið og stofnanir samfélagsins einungis sniðnar að öðru kyninu. Í þriðja lagi var það vegna vonbrigða með vinstri meirihlutann í Reykjavík en ljóst var eftir þriggja ára setu að hann lagði ekki mikla áherslu á baráttumál kvenna. Margar konur, meðal annars Rauðsokkur höfðu bundið vonir við að vinstri meirihlutinn myndi leggja meiri áherslu á skólamál, leikskólamál og önnur velferðamál sem er einn helsti lykillinn að frelsi kvenna. Þegar svo í ljós kom að fjárframlög til dagvistunarmála höfðu ekkert aukist á kjörtímabilinu fylltist mælirinn (Valgerður B. Eggertsdóttir, 2006).

3.2 Hugmyndafræði Kvennaframboðs og Kvinnalista

Ekkert stjórn málaafli hefur haft eins mikil áhrif á jafnréttismál og stöðu kvenna í stjórnámálum á Íslandi eins og Kvennaframboðið og Kvinnalistinn, sem var stofnaður í kjölfarið. Því er ekki hægt að sleppa því að fjalla um hugmyndafræði þeirra vegna þeirra áhrifa sem þær höfðu. Hugmyndafræði Kvennaframboðs og Kvinnalista byggir á kenningum nokkurra fræðikvenna. Carol Gilligan setti fram

kenningu um æðri siðferðisvitund kvenna, eins hafði Nancy Chodorow komið fram með svipaðar kenningar um að konur væru umhyggjusamari, nærgætnari og mynduðu betri tilfinningatengsl en karlar (Kristín Jónsdóttir, 2007). Þessar hugmyndir ríma ágætlega við þær eðlishyggjuhugmyndir sem fjallað var um hér að framan og voru einmitt gagnrýndar fyrir það. Þær fræðikonur sem höfðu þó mest áhrif á hugmyndafræðina voru Berit Ås og Elin Wägner. Þeirra kenningar flokkast undir menningarfemínisma, en þær töldu að forn menning kvenna kæmi til af því að konur ættu sameiginlegan reynsluheim sem meðal annars helgast af því að þær hafi kynslóð eftir kynslóð borið ábyrgð á börnum, öldruðum og sjúkum. Þessar kenningar tóku Kvennaframboðskonur uppá sína arma og lögðu áherslu á kvenlæg gildi sem byggja á virðingu fyrir lífi, tilfinningu fyrir þeim sem þurfa vernd og umhyggju, einnig lögðu þær áherslu á gildi eins og heiðarleika, betra siðferði og réttlæti (Kristín Jónsdóttir, 2007).

Það er áhugavert að sjá að bæði eiga hér heima eðlishyggjuhugmyndir að einhverju leyti og svo félagsmótun, það er að segja að konur séu eins og þær eru vegna reynslu margra kynslóða. Kvinnalistakonur vildu vissulega finna sameiginlegan grundvöll kvenna enda lögðu þær áherslu á að hlutverk kvenna frá fyrstu tíð hafi verið að vernda líf og viðhalda því.

„Konur ganga með börnin, fæða þau og ala upp. Vinnustaður þeirra hefur verið á heimilinu eða í námunda við það, og þar hafa konur þróað sínar sérstöku aðferðir við matargerð, fatasaum, ljósmóðurstörf og umönnun sjúkra og aldraðra. Þrátt fyrir ólík líf skjör kvenna er þetta sameiginlegur reynsluheimur þeirra, arfur þeirra frá kynslóð til kynslóðar, það sem hefur mótað heimsmynd þeirra, sjálfsmynd og menningu“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, 53).

Þessi reynsluheimur kvenna töldu Kvennaframboðs og Kvinnalistakonur að gerði það að verkum að samfélagið ætti að fá að njóta reynslu kvenna. Rök þeirra fyrir nauðsyn þess að auka hlut kvenna í stjórnámálum voru í fyrsta lagi að konur í stjórnámálum væru sterkar fyrirmyndir annarra kvenna. Í öðru lagi að slíkt væru sjálfsögð réttindi milli kynja. Í þriðja lagi að sérhagsmunir kvenna þyrftu að eiga ötulata talsmenn (Kristín Jónsdóttir, 2007).

3.3 Upplifun og reynsla Kvennalistakvenna

Það er nauðsynlegt að líta einnig á reynslu Kvennaframboðs og Kvennalistakvenna og sjá hvað hefur breyst og hvernig upplifun þeirra á stöðu sinni innan stjórnmalanna var. Reynsla kvennaframboðs kvenna af nefndarstörfum var sú að karlar í nefndum áttu því ekki að venjast að konur ættu þar sæti. Átti það ekki hvað síst við um hefðbundnar „karlanefndir“ sem fjölluðu um hin svokölluðu „hörðu“ mál, eins og byggingarnefnd, skipulagsnefnd og hafnarstjórn þar sem engin hefð var fyrir setu kvenna. Þeim fannst þær oft sniðgengnar, ekki virtar viðlits, ekki hlustað á þær og fundarmenn karlkenndir eins og þær væru ekki á staðnum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lýsti upplifun sinni af nefndarstarfi eftir fyrsta árið í borgarstjórn

„í nefndum og ráðum borgarinnar ríkir karlaveldi bæði hvað varðar andrúmsloft og starfshætti. [...] ég á einfaldlega við það að við konur eigum erfiðara með að kveða okkur hljóðs í þessum nefndum en karlar. Við eigum erfiðara með að fá að tala út í friði ótruflaðar af gaspri annarra nefndarmanna. Við eigum erfiðara með að fá munnlegar tillögur okkar á dagskrá [...] Ungir menn á uppleið eiga hinsvegar ákaflega erfitt með að þola - og þetta á reyndar við um miðaldra menn líka - að jafnvel þeim yngri konur séu að þenja sig við þá og draga gildi skoðana þeirra og raka í efa. Slíka stelpu er sjálfsagt að setja ofan í við. [...] Það er svo auðvelt að segja að svona upplifanir af karlaveldinu séu ranghugmyndir, ofskynjanir, ofurviðkvæmni, tilbúningur osfrv. Þetta hefur svo lengi verið sagt við konur. En þá má líka segja að obbinn af öllum konum sem taka virkan þátt í þjóðlífinu séu léttgeggjaðar, því ég efast ekki um að þær hafa flestar sömu sögu að segja“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, 123).

Það hefur vissulega mikið vatn runnið til sjávar síðan Ingibjörg Sólrún var fyrsta árið sitt í borgarstjórn, en hvers vegna er enn þessi tregða varðandi kynjaskiptinguna? Getur verið að konur almennt upplifi svipaða stöðu nú og var uppi fyrir 27 árum?

3.4 Staða jafnréttismála á Íslandi

Nú hafa verið virk jafnréttislög hér á landi frá árinu 1976, en sú staðreynd hefur ekki endilega endurspeglad jafnrétti karla og kvenna í gegnum tíðina. Í sveitarstjórnnum hefur hlutfall kvenna að jafnaði verið lágt en eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2006 var hlutur kvenna 35,9% sem var 4,8% aukning frá kosningum 2002. Samtals voru því 189 konur kjörnar árið 2006 á móti 340 körlum (Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, 2009). Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningarnar 2010 hefur konum fjölgað um fjögur prósentustig en, hlutfall kvenna er komið upp í 40% af sveitarstjórnarmönnum. Sem gera 204 konur á móti 308 körlum (Jafnréttisstofa, 2010). Auður Styrkárstöttir og Svanur Kristjánsson (2001) gerðu rannsókn á þátttöku kvenna í sveitarstjórnnum, sem leiddi í ljós að ekki virtist vera fylgni milli smæðar sveitarfélaga og fjölda kvenna í sveitarstjórnnum. Þó sýna erlendar rannsóknir hins vegar að mjög smá kjördæmi reynast konum erfið. Auðveldara virðist að fá konur til að taka sæti í nefndum heldur en að vera á listum framboðanna. Konur sækja þá gjarnan í nefndir sem þær telja sig geta haft einhver áhrif, svo sem skólanefndir og dagvistarnefndir. „Slíkar nefndir hafa að mestu verið skipaðar konum eftir kosningar 1998“ (Auður Styrkárstöttir og Svanur Kristjánsson, 2001, 22-23).

Rannsóknir hafa verið gerðar á kynjahlutfalli í nefndum, bæði innan ákveðinna nefnda en líka heildarhlutfall kynjanna í nefndum sveitarfélaganna. Jafnréttisráð (nú Jafnréttisstofa) lét gera rannsókn árið 1990 á viðhorfum kvenna í sveitarstjórn og svo árið 1992 á verkaskiptingu kvenna og karla í sveitarstjórnnum kjörtímabilið 1990-1994. Árið 2007 tók Jafnréttisstofa þátt í Evrópu verkefninu Jafnréttisvögin (e. *Tea for Two*), en í því verkefni var athugað heildarhlutfall kynja í nefndum sveitarfélaganna. Árið 2007 gerðu nemendur í Háskólanum á Bifröst álíka rannsókn nema þá var kynjahlutfall skoðað innan ákveðinna nefnda. Um þessar rannsóknir verður fjallað hér að neðan.

3.5 Staðan í ákveðnum nefndum

3.5.1 Árið 1990-1992

Árið 1990 gerði Stefanía Traustadóttir (1990) rannsókn á vegum Jafnréttisráðs þar sem skoðuð voru viðhorf kvenna í sveitarstjórnnum. Mikið hafði verið rætt um mikilvægi þess að fleiri konur kæmu að sveitarstjórnarmálum og því var ráðist í þessa könnun til að sjá hvernig konum þætti að starfa á þessum vettvangi.

Í fyrri hluti könnunarinnar voru bakgrunnsbreytur kannaðar. Langstærstur hluti kvennanna var á aldrinum 31-40 ára og yfir 90% af þeim voru giftar eða í sambúð. Þær áttu langflestar börn, en aðeins fimm af öllum 123 konum áttu engin börn. Menntun kvennanna var yfir meðaltali, en 20% þeirra voru með háskólamenntun og 13% þeirra voru menntaðir kennarar. Yfir 90% kvennanna stunduðu launavinnu með sveitarstjórnarstörfum. Niðurstaðan var því sú að sveitarstjórnarkonur væru á besta aldri, frekar vel menntaðar, líklega opinberir starfsmenn, sem vinna langan vinnudag og eru giftar og eiga ung börn.

Vinnuálag á sveitarstjórnarkonum virðist vera töluvert samkvæmt könnun Stefaníu, en að meðaltali eyða þær 15 tímum á viku bæði í fundi og undirbúning vegna funda. Þegar spurt var hvað væri ánægjulegast við starfið í sveitarstjórn bar hæst að þeim þótti gott að hafa áhrif á samfélagið og sjá árangur erfiðis síns. En vissulega fannst konunum margt erfitt við þessi störf, fjármagnsskortur var algengt svar, en annars voru svörin mjög mismunandi sem dæmi; langir fundir, óþarfa málalengingar og vonlaus barátta við að sannfæra karla um nauðsyn fleiri dagvistarplássá.

Þegar skoðað var í hvaða nefndum þessar konur áttu sæti í, þá kom í ljós að algengast var að þær sætu í svokölluðum „kvenna“nefndum. 20% þeirra sat í skólanefnd og 15% þeirra sat í félagsmálaneftnd. Fáar konur voru einu konurnar í nefndum eða 13%. Stefanía spurði hvort það skipti máli fyrir þær að það starfi fleiri konur en þær með þeim í nefndum, og svarar tæplega helmingur kvennanna því játandi. Þær sem svöruðu neitandi rökstuddu það með því að persónan skipti máli en ekki kynferðið. Rökstuðningur þeirra kvenna sem vildu sjá fleiri konur var sá að konur hefðu annað viðhorf og reynslu, aðrar nefndu betri vinnuanda og að það væri betra að vinna í blönduðum hóp.

Þegar spurt var hvort þær myndu gefa kost á sér aftur voru ekki nema 18% aðalmanna sem sögðu ákveðið já. En 59% voru ákveðnar í að gera það ekki. 23% voru óákveðnar. Þegar skoðað var viðhorf varamanna til endurkjörs voru þær aðeins jákvæðari en 30% þeirra ætlaði að gefa kost á sér aftur, 43% ætluðu ekki að gera það og 27% voru óákveðnar. Þegar konurnar voru spurðar um hvers vegna þær ætluðu að hætta þá báru flestar fyrir sig tímaskorti, en nokkrar töluðu um neikvæða reynslu og aðrar um að gefa öðrum tækifæri. Þegar svörin voru borin saman við stærð sveitarfélaganna kom í ljós að stærðin virtist ekki hafa áhrif, þ.e.a.s. engin fylgni var á milli stærðar og hvort þær ætluðu að hætta í sveitarstjórn.

Stefanía spyr nokkurra spurninga um hvað sé hægt að gera til þess að konur geti hugsað sér þennan vettvang. Sú staðreynd að þær eyði að meðaltali 15 klst. á viku í undirbúning, og að vera langflestar í fullri vinnu og með börn og heimili, er ekki skrytið að þær gefist upp. Stefanía stingur upp á því að hægt væri að greiða hærri laun vegna nefndarstarfa til þess að gera konum kleyft að minnka við sig vinnu án þess að þær tapi fjárhagslega (Stefanía Traustadóttir, 1990). Ennþá virðast konur hika við að fara inná þennan vettvang og ennþá er kynjaskipting í nefndum ákveðið vandamál.

Eins og sjá má á næstu rannsókn Stefaníu Traustadóttir frá árinu 1992, en þá kom í ljós að kynin skiptu sér enn í ákveðnar nefndir. Til dæmis voru konur ekki nema 15% nefndarmana í atvinnumálanefndum, 17% í skipulagsnefndum og ekki nema rétt 5% í hafnarnefndum. Eins má sjá að karlar voru 26,5% í félagsmálanefndum og 48% í skólanefndum. Ástæðan fyrir því að hlutfall karla er hærra er einföld, karlar eru 79% sveitarstjórnarmanna (Stefanía Traustadóttir, 1992).

3.5.2 Árið 2007

Sérfræðingar Jafnréttisstofu tóku þátt í viðamiklu Evrópuverkefni sem ber heitið Jafnréttisvogin (e. *Tea for two*) og voru öll sveitarfélög á Íslandi til skoðunar. Verkefnið hófst formlega í október 2006 og lauk í lok desember 2007. Þessu verkefni var ætlað að efla jafna þátttöku kynjanna í sveitarstjórnarmálum og var þetta samstarfsverkefni við Noreg, Finnland, Búlgaríu og Grikkland (*Tea for two*, e.d.). Markmið verkefnisins var að safna gögnum um þátttöku kynjanna í

sveitarstjórnnum og þróa tæki til gagnaöflunar og mælingar. Það er gert til þess að gera upplýsingar aðgengilegar almenningi og til að hvetja sveitarstjórnir til að gæta jafnréttis (Jafnréttisstofa, 2006). Samkvæmt úttekt frá félagsmálaráðuneytinu og Jafnréttisstofu fyrir kosningarnar 2006 var hlutfall kvenna í nefndum sveitarfélaganna 38,3% en hlutfall karla 61,7%. Þess ber þó að geta að ekki er kafað ofan í ákveðnar nefndir hér heldur er þetta heildar fjöldinn miðað við svörun frá 58% sveitarfélaga (Jafnréttisstofa, e.d.).

Á haustdögum 2007 lögðust sex nemendur í Háskólanum á Bifröst í rannsóknarvinnu við að finna út hlutfall kynjanna í ákveðnum nefndum sveitarfélaganna. Þar sem ekki voru til nýjar tölulegar upplýsingar um það, var byrjunin að afla þessara gagna. Þetta var gert með því að skoða heimasíður sveitarfélaga og telja meðlimi nefnda, og flokka eftir kyni. Nokkur sveitarfélög höfðu þó enga heimasíðu og var haft samband við þau símleiðis. Svörun var mjög góð en á þessum tíma voru sveitarfélögin 79 og fengust svör frá 71 sveitarfélagi. Þær nefndir sem voru skoðaðar voru; fræðslunefnd, byggingar- og skipulagsnefnd, félagsmálanefnd, hafnarnefnd og íþróttar- og æskulýðsnefnd. Kjörtímabilið 2006-2010 var staðan þannig að á heildina lítið voru nefndarmenn í þessum nefndum 54,9% karlar og 45,1% konur. En það segir lítið til um kynjahlutföllin innan ákveðinna nefnda. Í fræðslunefnd voru konur 60,5% og karlar 39,5%. Í byggingar- og skipulagsnefnd voru konur 21,1% og karlar 78,9%. Í félagsmálanefnd voru konur 69,1% en karlar 30,9%. Í hafnarnefnd voru konur 15,3% en karlar 84,7%. Í íþróttar- og æskulýðsnefnd var kynjahlutfallið jafnast en þar voru konur 48,4% og karlar 51,6% (Ásta Jóhannsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Eva Reynisdóttir, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sigrún Magnúsdóttir, 2007). Á þessum tölum má sjá að fræðslunefnd og íþróttar- og æskulýðsnefnd hefur jafnasta kynjahlutfallið en hafnarnefnd er greinilega ekki ein þeirra nefnda sem konur sækjast eftir. Þær nefndir sem ég er að skoða í þessari rannsókn, félagsmálanefnd og skipulagsnefnd (byggingar- og skipulagsnefnd heitir hún stundum), hafa verulega slagsíðu og er það einmitt ástæðan fyrir því að þessi rannsókn varð til.

3.6 Jafnréttislög og nefndir sveitarfélaganna

Jafnréttislög hafa verið í gildi á Íslandi í þrjátíu og tvö ár, en fyrstu lögin voru sett 1976. Þeim Hallgrími Dalberg ráðuneytisstjóra og Guðrúnu Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanni, formanni kvennaársnefndar og jafnlaunaráðs var falið að semja frumvarp til þessara laga. Þessi lög beindust fyrst og fremst að stöðu kynjanna á vinnumarkaði og til launajafnréttis (Þingskjal 402, 1975-6). Síðan þá hafa lögin verið endurskoðuð reglulega og alltaf hafa orðið einhverjar endurbætur á þeim. Við endurskoðun 1985 voru nýmælin þau, að tímabundnar aðgerðir til þess að rétta hlut kvenna brytu ekki í bága við lög og að lögin skildu endurskoðuð eftir 5 ár (Þingskjal 48, 1984). Næsta endurskoðun laganna var 1991. Þá er það samþykkt að tilgangur jafnréttislaganna sé að bæta hlut kvenna sérstaklega. Einnig var sveitarfélögum með yfir 500 íbúa skylt að stofna jafnréttisnefndir. Árið 2000 voru ný jafnréttislög samþykkt. Meginmarkmið þeirra laga var að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Mikil áhersla var lögð á samþættingu jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun til þess að koma jafnréttismálum af jaðrinum og inn í hringiðu þjóðfélagsumræðunnar. Nýmæli þessara laga voru þau að virkja karla í jafnréttisumræðunni, fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn ættu að hafa jafnréttisáætlun og Jafnréttisstofa var stofnuð (Jóhanna Sigurðardóttir, e.d.)

Sú grein jafnréttislaganna sem sneri að sveitarfélögum og nefndum þeirra var 10. gr. jafnréttisлага nr. 96/2000. Samkvæmt henni er sveitarstjórnnum skylt að stofna þrjú til fimm manna jafnréttisnefndir sem skulu vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og rétt kynjanna. Einnig skulu þær sjá um gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna. Í nýju lögunum fellur þetta undir 12. gr. laga nr. 10/2008 og viðbótin er sú að annað hvert ár skal senda skýrslu til Jafnréttisstofu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags.

Í 20. gr. jafnréttisлага nr. 96/2000 segir „Í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir.“ Þessari grein var töluvert breytt en samkvæmt 15 gr. laga nr. 10/2008 segir að

„við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Einungis er heimilt að víkja frá því skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.“

Þessi lagagrein hefur skýrst og er hér um að ræða kynjakvóta í nefndir á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Þær breytingar sem voru gerðar á lögnum árið 2008 gera það að verkum að heimildir Jafnréttisstofu til þess að framfylgja lögnum eru meiri. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 10/2008 verði stofnanir, fyrirtæki eða félagasamtök uppvís að því að brjóta gegn jafnréttislögum getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi greiði dagsektir þar til farið verði að fyrirmælum Jafnréttisstofu. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð. Í samtali við Hugu R. Hjaltadóttir sérfræðing hjá Jafnréttisstofu kemur fram að þó svo skýrt sé í lögum að Jafnréttisstofa skuli framfylgja þessum lögum, eru heimildir ekki nægilega skýrar. Jafnréttisstofa sendi bréf til allra sveitarstjórna eftir kosningarnar 29. maí síðastliðinn þar sem minnt er á 15. gr. jafnréttislaga og þau beðin um að senda Jafnréttisstofu upplýsingar um nefndarmenn (Hugu R. Hjaltadóttir munnleg heimild, 30. júní 2010). Það verður fróðlegt að skoða kynjahlutföll í nefndum sveitarfélaga eftir síðustu kosningar, þar sem 15. greininni hefur verið breytt svo um munar.

Kári Hólmur Ragnarsson (2009) hefur skoðað jafnréttislögin með tilliti til kosninga í nefndir sveitarfélaga. Menn hafa oft á tíðum gagnrýnt 15. gr. jafnréttislaga fyrir brot á lýðræðishefð og að vald sé tekið úr höndum þeirra sem eiga að tilnefna menn í nefndir, ráð eða stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga. „Við aðra umræðu laganna á Alþingi taldi Kristinn H Gunnarsson alþingismaður það algerlega óviðunandi að setja lög sem binda hendur stjórnmalaflokkanna til að tilnefna fulltrúa sína í störf af þessum toga“ (Kári Hólmur Ragnarsson, 2009, 202). Sjónarmið þessa þingmanns virðast hafa átt einhvern hljómgrunn í félagsmálanefnd Alþingis, en í álitum hennar kom fram að skýra þyrfti ákvæðið þannig að ljóst væri að það ætti ekki við um kosningar í nefndir, ráð og stjórnir á

vegum hins opinbera þar sem um er að ræða kjörna fulltrúa (Kári Hólmur Ragnarsson, 2009). Á þessu er ákveðinn galli, því að í sumum sveitarfélögum skipta sveitarstjórnarmenn algerlega með sér nefndarsætum, og þá getur það gerst að nefndir eru einungis skipaðar öðru kyninu en ekkert sé um það að segja vegna þess að kjörnir fulltrúar sitji í nefndunum.

Einnig er vert að hafa það í huga að stjórnkerfi sveitarfélaganna er byggt upp með þá hugsun að leiðarljósi að í nefndum sitji íbúar sveitarfélagsins, annað hvort kjörnir í almennum kosningum eða kosnir af hinum kjörnu fulltrúum og þessir „fulltrúar fólksins“ eiga þess síðan kost að leita til embættismanna sveitarfélagsins þegar sérfræðipækkingar er þörf (Kári Hólmur Ragnarsson, 2009, 184). Þá er spurning, hvort reglur um kynjakvóta brjóti gegn lýðræðishefðinni? Kári telur svo ekki vera enda sé 15. gr. jafnréttislaga lýðræðisleg í þeim skilningi að ákvæðinu er ætlað að tryggja að raddir kvenna og karla geti haft sömu áhrif (Kári Hólmur Ragnarsson, 2009).

3.7 Samantekt

Kvennalistinn hafði gríðarleg áhrif á íslensk stjórnsmál. Hugmyndafræði hans náði til margra kvenna og gætir áhrifa frá henni enn í dag. Þær töldu að sameiginlegur reynsluheimur kvenna mótaði þær og gæfi þeim aðra sýn, sem samfélagið ætti að fá að njóta. Reynsla þeirra af stjórnsmálum var hins vegar sú að þær voru komnar í karlaheim. Þessar svo kölluðu „karlanefndir“ reyndust þeim sérstaklega erfðar. Upplifun þeirra var sú að þær væru sniðgengnar og ekki hlustað á þær og menn gasprandi fram í fyrir þeim. Samanburður á ákveðnum nefndum sveitarfélaga milli tímabila sýna að ekki hefur mikið breyst. Konur voru enn í miklum meirihluta í félagsmálanefndum og karlar sátu yfirleitt einir í skipulagsnefndum. Þrátt fyrir að hert hafi verið á jafnréttislögum í millitíðinni. Í nágildandi jafnréttislögum er þó kveðið skýrt á um, að kynjakvóti sé í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Þrátt fyrir nágildandi jafnréttislög hafa hlutirnir staðið í stað, þess vegna spyr ég spurninga á borð við: hvað er það sem ræður núverandi skiptingu í nefndir? Er það ólík hæfni kvenna og karla? Eru kynin eðlislega ólík? Er þetta allt spurning um áhugasvið? Eða er þetta samfélagsleg mótun? Eins er nauðsynlegt að vita hver

eigi að bera ábyrgð á því að lögunum sé framfylgt og hvort vilji sé fyrir því að jafna kynjahlutföllin?

Þegar þessum spurningum hefur verið svarað, getum við betur skilið samfélagslegar ástæður þess að hlutirnir breytast jafn hægt á 21. öldinni og raun ber vitni. Ef við skiljum þessar ástæður þá vitum við hverju þarf að breyta, og hvers vegna lögin duga ekki ein og sér. Til þess að svara þessum spurningum þarf að ræða við fólk sem er málinu viðkomandi. Viðmælendur mínir eru því allir tengdir sveitarstjórn eða nefndum sveitarfélaga.

4. Hluti: Aðferðir

Þessum kafla er skipt í tvennt. Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem notast var við. En gagna var aflað með opnum viðtölum og þátttöku athugunum. Síðan er útskýrt hvaða aðferðir voru notaðar til þess að greina gögnin. Í seinni hlutanum eru rannsóknargögnin svo kynnt, þá er tímarammi, umfang og viðmælendur kynntir til sögunnar.

4.1 Eigindleg rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn er notast við eigindlega rannsóknaraðferð. Hún felst meðal annars í því að skoða ákveðnar hliðar á lífi fólks. Það er að segja, komast að því „hvernig fólkið sér aðstæður sínar, hvernig það líta á hvort annað, og hvernig það sér sjálft sig“ (Hammersley og Atkinson, 2007, 3). Malinowski (1922) nefndi þrjú atriði sem hafa beri í huga við söfnun heimilda á vettvangi, en það er hvað fólk segir, gerir og hvernig það tjáir heimsmynd sína.

Segja má að nánast allar mannfræðilegar rannsóknir snúist um kenningar, vettvangsvinnu og samanburð. Vettvangurinn snýst um að skrifa um annað fólk þar sem mannfræðingurinn gerir sér far um að skilja hugsanagang þess (Barnard, 2000). Þannig leita mannfræðingar að ýmiskonar þekkingu um samfélagsgerð, menningu og samskipti einstaklinga og hópa.

Það er því óhætt að segja að eitt helsta verkefni félagsvísindamanna sé að leitast við að horfa á fyrirbæri félagslífsins utan frá og passa að niðurstöður lýsi tilteknum ferlum, en ekki einungis fjölda upplýsinga og flokkunum. Þær eiga að segja eitthvað markvert um samfélag manna og mannlegt atferli. Rannsóknir í félagsvísindum snúast fyrst og síðast um tengsl, skipuleg sambönd mannglegra samskipta (Haraldur Ólafsson, 1998). Ég tók opin viðtöl, með og án upptökutækis en einnig tók ég þátt í stjórn málaumræðu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2010 og því er hægt að tala um þátttökuathugun líka.

4.2 Öflun og skráning gagna

Við gagnaöflun notaði ég bæði upptökutæki og blað og penna. Það voru einungis tvö viðtöl sem ekki voru tekin upp. Viðtalið við Sigríði og hópviðtalið við félagsmálanefnd. Í þeim viðtölum skrifaði ég hjá mér punkta meðan á spjallinu stóð. Svo þegar heim var komið settist ég niður og skrifaði eins nákvæmlega niður viðtölin eins og ég gat (Hammersley og Atkinson, 2007). Í hinum fjórum viðtölunum notaði ég upptökutækið og skráði svo orðrétt inn í viðeigandi skjöl. Þegar ég mætti í öll viðtölin hafði ég tekið saman nokkrar spurningar og punkta sem ég vildi fá svör við. Ekkert viðtalanna voru stöðluð, heldur hafði ég þessi punkta til hliðsjónar og lét samtalið flæða eins og hægt var (Fife, 2005; Hammersley og Atkinson, 2007). Í einstaklingsviðtölum mínum lagði ég áherslu á persónulega sýn og reynslu viðmælanda minna (Davies, 2007). Í hópviðtalinu við félagsmálanefnd var slíkt erfitt en þó lýstu margar kvennanna sinni persónulegu skoðun, en kannski síður reynslu. Það er eðlilegt að umræðan verði almennari í hóp heldur en þegar rætt er saman maður á mann. Þegar kom að þátttöku minni í stjórn málaumræðu þá punktaði ég stundum hjá mér áhugaverðar umræður þegar ég kom heim. Ekki var um skipulagða þátttökuathugun að ræða heldur kom stundum eitthvað fram sem gat nýst í rannsókn mína og þá tók ég nótur (Hammersley og Atkinson, 2007).

4.3 Greiningaraðferðir

Þegar kom að því að greina gögnin, þá byrjaði ég greiningu mjög fljótlega í gagnaöflunarferlinu. Ég las viðtölin oft yfir og við það vögnuðu spurningar sem ég gat reynt að fá svör við hjá þeim viðmælendum sem ég átti eftir að hitta. Slík vinnubrögð geta flokkast undir grundaða kenningu, en samkvæmt henni á að eiga sér stað stöðugt mat á gögnum þar sem kerfisbundin nálgun og samanburður á sér stað, með það markmið að kenning spretti upp úr gögnunum (Glaser og Strauss, 1967). Ég notaði svokallaða opna kóðun sem felur í sér að ég las viðtölin yfir aftur og aftur og strikaði undir setningar og orð sem gripu mig. Þetta gerði ég viljandi svolítið án þess að hugsa, til þess að ég væri örugglega opin fyrir því sem ég sæi og hefði ekki fyrirfram hugmyndir um hvað ég fyndi (Esterberg, 2002) en leit svo á það sem ég hafði strikað yfir og gat þá flokkað það. Þetta hafði áhrif á næstu viðtöl því nýjar spurningar vögnuðu og rannsóknin varð dýpri fyrir vikið. Í lokin á

greiningunni varð vinnan markvissari og skrifaði ég þau þemu sem ég fann niður í excelskjal og flokkaði saman í undir- og yfirþemu. Fyrir vikið varð greiningin skýrari og yfirsýn yfir þemun mun betri.

5. Kynning á rannsóknargögnum

5.1 Tími

Gagnaöflun fór fram á tímabilinu febrúar – apríl 2010. Fyrsta viðtalið var tekið þann 18. febrúar og síðasta viðtalið þann 1. apríl. Vettvangsathuganir samanstóðu af viðtölum og þátttökuathugunum. Tekin voru fimm einstaklingsviðtöl og eitt hópviðtal. Þátttökuathuginin átti sér aðallega stað í kring um sveitarstjórnarkosningarnar 2010.

5.2 Vettvangur

Vettvangur rannsóknarinnar var í litlu sveitarfélagi þar sem íbúar eru um eitt þúsund. Staðan í þessu sveitarfélagi getur átt við mjög mörg sveitarfélög á Íslandi og því tilvalið að stunda svona rannsókn þar. Vettvangur var valin miðað við aðgengi mitt að honum, en ég þekki marga í þessu samfélagi og því frekar auðvelt að afla gagna (Gupta og Ferguson, 1997). Þetta samfélag er lítið og allir þekkja alla. Þorpið telur um sjöhundruð manns og er upprunalega sjávarþorp. Núna er atvinnulífið þó blandaðra og þjónustufyrirtæki og lítil einkafyrirtæki einkenna það. Í því býr töluvert af ungu fjölskyldu fólki og sveitarstjórnarmálin litast töluvert af því. Þetta samfélag er mjög hefðbundið og kynhlutverk eru skýr. Karlastörf og kvennastörf eru í föstum skorðum og á þessi lýsing sjálfsagt við um mörg lítil samfélög.

5.3 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni eru allir tengdir sveitarstjórnarmálum, annað hvort sem nefndarmenn eða sveitarstjórnarmenn, vegna þess að ég hef áhuga á sambandi milli ákveðinna upplýsinga (Fife, 2005). Viðmælendur eru valdir vegna þekkingar sinnar og vegna þess að þeir eru allir á sama stað, það má því kalla þetta hægindaleikaúrtak (Murrey og Overton, 2003). Viðmælendur eru: Sigríður, eina konan í skipulagsnefnd, Þórey, sveitarstjórnarkona, Jóhann, eini karlinn sem hefur verið í félagsmálanefnd í þessu sveitarfélagi, Sveinn, sveitarstjórnarmaður, Lárus, karlmaður í skipulagsnefnd og að lokum félagsmálanefnd, en við þær tók ég hópviðtal. Öllum nöfnum hefur verið breytt vegna trúnaðar við viðmælendur,

en óhjákvæmilega gætu þeir og einhverjir þeim tengdir, þekkt sig í textanum. Ég ræddi því við þá viðmælendur sem hugsanlega gætu þekkt til að fá samþykki þeirra til að nota samt sem áður viðtölin. Öll samþykktu þau það, en einn viðmælandi vildi fá að lesa yfir beinar tilvitnanir frá sér. Eftir þann lestur fékkst fullt samþykki. Ég byrjaði á að ræða við Sigríði og fá hennar sýn á það hvernig er að vera eina konan í skipulagsnefndinni. Í framhaldi af því sá ég að ég yrði að ræða við einn karl í skipulagsnefndinni líka og sjá hver sýn hans væri á að hafa þessa einu konu með í skipulagsnefnd. Ég ræddi við Þórey um þessi mál, hvernig hægt væri að breyta kynjahlutfalli í þessum nefndum og hver hennar sýn og reynsla af þessum málum væri. Mér lék forvitni á að vita hvort karlkyns sveitarstjórnarmaður hefði mjög ólíka sýn og reynslu af þessum málum og það leiddi til viðtals við Svein. Ég fékk tækifæri til að fara á fund með félagsmálanefnd sem er einungis skipuð konum núna. Ég ræddi við þær um þessi mál og fékk þeirra sýn á stöðuna. Þær sögðu mér frá Jóhanni sem hafði verið í nefndinni á þar síðasta kjörtímabili, þá eini karlinn. Ekki gat ég sleppt því að ræða við eina karlinn í félagsmálanefnd, svo Jóhann var fenginn í viðtal líka.

5.4 Siðfræðileg álitamál

Gildi ráða miklum um mat okkar og skilning á menningu. Þótt rannsakandinn leitist við að vera eins hlutlægur og honum er unnt, þá er hann einnig mótaður af ákveðnu félagslegu samhengi. Engar rannsóknir eða spurningar sem leitað er svara við eru hreinar í þeim skilningi að þær túlki ekki að einhverju leyti viðhorf og afstöðu rannsakandans til verkefnisins. Þótt ekki sé nema fyrir það að rannsakandinn spyr einungis um það sem vekur athygli hans og honum finnst mikilvægt (Haraldur Ólafsson, 1998). Það hefur borið á tortryggni þegar mannfræðingar rannsaka hópa sem þeir tilheyra sjálfir og þeir jafnvel verið grunaðir um að vera hlutdrægir eða í krossferð fyrir viðkomandi hóp (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 2004). Því er mikilvægt að fræðimenn staðsetji sig í rannsókn sinni svo það sé ljóst frá upphafi hvar þeir standa. Eins og áður sagði þá staðset ég mig sem póststrúktúralískan femínista. Það hefur vissulega áhrif á gildi mín og þær spurningar sem ég spyr. Enda valdi ég þetta rannsóknarefni vegna áhuga míns á jafnrétti kynjanna og nauðsyn þess að leysa þau vandamál sem standa í vegi fyrir því.

Þegar ég var komin á kaf í rannsóknarvinnu og skrif á þessu verkefni var ég beðin að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum 2010. Ég hugsaði málið töluvert, en hef mikinn áhuga á mínu nærsamfélagi og fannst ég hafa heilmikið til málanna að leggja svo ég sló til. Ég tók virkan þátt í að móta stefnuskrá framboðsins og bar jafnréttismál fljótt á góma. Umræðan um ábyrgð á framkvæmd jafnréttis laga varð heit og mismunandi sjónarmið voru uppi. Reynsla mín og upplifun í þessari kosningabaráttu nýttist mér að einhverju leyti í þessari rannsókn, en það hefði mig ekki grunað fyrir fram.

Rannsókn verður ekki til án rannsakanda og því mun hún alltaf bera merki hans (Taylor og Bogdan, 1998), eins mun sú þekking sem verður til í viðtalinu hafa áhrif á skilning rannsakandans á mannlegum aðstæðum (Kvale, 1996). Það er því óhjákvæmilegt að spor mín séu í þessu verki, þess vegna reyni ég að láta raddir viðmælenda minna koma sem skýrast fram í niðurstöðunum.

6. Hluti: Rannsóknarniðurstöður

Í þessum hluta mun ég greina frá niðurstöðum rannsóknar minnar. Hann skiptist í tvo hluta: greininguna og umfjöllun um hvert og eitt þema og svo fræðilega umfjöllun um þemun.

6.1 Niðurstöður

Greining viðtalanna fór fram allt ferlið. Ég las þau yfir og skrifaði athugasemdir og hvert viðtal veitti mér nýja sýn og hugmyndir sem fylgdu mér yfir í næsta viðtal. Undir lokin á greiningarferlinu notaðist ég þó við kerfisbundnari nálgun og þau þemu sem hér koma á eftir litu dagsins ljós. Helstu þemun sem ég greindi voru kyn, hæfni, þyngd nefnda, sjálfsmynd, áhugasvið, viðhorf og að lokum ábyrgð á framkvæmd laganna. Þegar menn töluðu um kyn þá snerist umræðan um hvort kyn skipti máli og hvort munur væri á milli kynjanna. Hæfnisumræðan snerist um að fá hæfasta einstaklinginn í nefndina en líka um hvort nefndarmenn ættu að vera fagmenn eða leikmenn. Þegar þyngd nefnda var rædd var talað um hversu erfitt starf væri að sinna þessum nefndarstörfum. Sjálfsmynd nokkurra viðmælenda var skoðuð nánar þar sem þeir skáru sig töluvert frá hefðbundnum kynímyndum. Viðmælendum þótti mikilvægt að nefndarmenn hefðu áhuga á nefndarstörfum. Einnig kom fram það viðhorf að reynsla af ákveðnum málefnum myndi þroska áhugasvið manna. Viðmælendum mínum varð tíðrætt um viðhorf og áhrif þess á stöðu mála og voru yfirleitt sammála um að það skipti miklu. Ábyrgð á framkvæmd laganna var síðasta þemað en menn voru ekki alveg sammála um hver bæri hana og flækjur virðast geta komið upp.

6.2 Kyn

Ekki var hjá því komist að umræðan snerist um kyn, enda tilgangur rannsóknarinnar að skoða kynin og ástæður fyrir mismunandi vali þeirra. Viðmælendum mínum þótti sitt hvað um kynin og ýmist skipti kyn máli í nefndarstörfum eða það gerði það ekki. Þá töluðu einhverjir um að kynin afgreiddu ekki nefndarmál neitt öðruvísi og málin væru ekki þess eðlis að það skipti máli að hafa konur í skipulagsnefnd. En aðrir töldu þó mikilvægt að hafa

karla í félagsmálanefnd því kynin hafi mismunandi sýn. Eins töldu einhverjir að skipulagsnefnd myndi hugsanlega álykta öðruvísi ef fleiri konur væru þar.

Mönnum varð einnig tíðrætt um muninn á milli kynja og kom þá fram sú skoðun að konur hefðu meiri umönnunareiginleika, væru í eðli sínu þrifnari og færu oft betur með peninga. Aðrir töldu muninn ekki svona mikinn en sögðu smá hugsanamun á milli kynja en ekki væri hægt að neita mismunandi menntun kynjanna.

6.2.1 Skiptir kyn máli?

Í jafnréttisumræðunni er oft deilt um það hvort kyn skipti máli. Viðmælendur mínir höfðu sínar skoðanir á því og oft fannst þeim bæði kyn skipta og ekki skipta máli. Kona í skipulagsnefnd taldi ekki skipta máli hvort kynið væri í þessum nefndum:

Nei ég held ekki, held að það skipti ekki máli, þetta eru ekki þannig mál.... þetta er ofsalega vanmetið starf líka. Engin laun svo að segja. Þannig að það er ekki eins og menn standi í biðröðum að fá að komast í nefndir.

Karl í skipulagsnefndinni segir aftur á móti að það skipti einhverju máli, þær víkki sviðið þó svo það hafi kannski ekkert með kyn að gera. En hann telur að það komi víðari sýn „þú veist þó við hugsum svipað þá er alltaf smá hugsanamunur milli karla og kvenna.“ Sömu skoðun deilir ein kona í félagsmálanefnd, en hún telur það skipta miklu máli að karlar séu í félagsmálanefnd líka. Kynin hafi mismunandi sýn. Eins þegar ég spyr þær stöllur í félagsmálanefnd hvort þær telji að skipulagsnefnd myndi álykta öðruvísi ef þar væru fleiri konur, þá telja þær flestar svo vera. Kynin hafi ólíka sýn „konur sjá eitthvað sem karlar gera ekki“. Þó höfðu þær allar hug á að halda áfram í félagsmálanefnd, sem þýðir að engin breyting yrði á kynjaskiptingunni þar.

Jóhann, sem hafði verið í félagsmálanefnd, taldi skipta máli að hafa bæði kynin og þá sérstaklega til að auka trúverðugleika nefndarinnar:

... sko það er ábyggilega ennþá tilhneiging hjá þeim sem ráða að hérna.. að hugsa sem svo, ef það kemur álit frá einhverri nefnd, já þetta eru nú bara konur. Ég er alveg viss um það að þetta er fyrir hendi. Og þá er betra að hafa bæði kynin þarna. Ég er alveg sannfærður um það... Það er bara það að hafa karlana með í ákvörðunum... já og þarna er ég alls ekkert að gera lítið úr ályktunum kvenna heldur hvernig.... heldur hvernig þeim er tekið.

Þessi sýn á hlutina þótti mér sérstök og kom ekki fram hjá fleiri viðmælendum. En þetta virtist vera upplifun Jóhanns, að minna mark væri tekið á konum. Sú staðreynd að hann hafi valist í félagsmálanefnd telur Jóhann vera að hann er kennari og vanur að vinna með konum. Grunnskólinn er hálfgerður kvennavinnustaður „og í skólum er maður svolítið að fást við þessi mjúku mál eins og uppeldismál öðrum þræði ...“ þannig að kyn í þessu tilfelli virðist ekki skipta máli heldur mjúka hliðin á einstaklingnum. Kannski ekki ósvipað og hvernig er horft til smiða í skipulagsnefnd.

6.2.2 Munur á milli kynjanna

Allir viðmælendur mínir voru sammála um það að munur væri á milli kynjanna. Að minnsta kosti að kynin hefðu mismunandi sýn, eins og ein félagsmálanefndarkona orðaði það, eða eins og Lárus í skipulagsnefnd sagði „þú veist þó við hugsum svipað þá er alltaf smá hugsanamunur milli karla og kvenna...“ Aðrir töldu meiri mun vera á milli kynjanna. Þó svo sá munur færi kannski minnkandi, eins og Þórey sveitarstjórnarkona komst að orði; „Ég held að sem betur fer að við séum að þróast fram á veginn. Að það sé ekki... að karl eigi ekki að vera bara töffari sko... ekki mjúkur. Af því þeir eru það þegar þeir fá svigrúm til. Þannig að við erum nú á réttri leið.“

En þó ættum við langt í land og reynsla Þóreyjar var sú að konum þætti stjórnmalapátttaka ekki skemmtileg „þeim bara finnst þetta ekkert skemmtilegt geim ... þeim finnst bara mörgum eftirsóknarvert að eyða tíma sínum í annað. Sem er skiljanlegt að mörgu leyti af því að það er margt jafn mikilvægt, en þetta er samt svo viðbótar mikilvægt að þær vilji taka þátt og móta samfélagið.“ Ástæðuna taldi hún geta verið að konur væru „mýkri sálir og með meiri

umönnunareiginleika“, sem fældi þær hugsanlega frá leikreglum stjórnmalanna. Eins upplifði hún að gagnrýni væri konum erfiðari.

Annar viðmælandi taldi vera mun á vinnubrögðum karla og kvenna, hans reynsla var sú að konur ættu erfiðara með að gefa eftir. „Þær eiga svolítið erfiðara ef þær eru búnar að taka ákvörðun að gefa eftir.“ En það virtist ekki hafa áhrif að karlar gæfu ekki eftir, enda kannski talin karllægur eiginleiki að vera þrjóskur „Já...jaaaá mér finnst stundum að þær eigi svolítið erfiðara með að gefa eftir. En það karlar geta auðvitað verið alveg sauðþráir líka...“ Hugmyndir okkar um hefðbundin kynhlutverk eru þau að konur eigi að gefa eftir og vera bljúgar. Fleiri hefðbundnar hugmyndir komu fram, meðfæddur munur milli kynja og sú staðreynd að konur fæði börn kom fram hjá karlkyns viðmælanda yfir miðjum aldri.

... já ég held að það sé bara... sko ... konur fæða af sér börn og annað slíkt og ég held að það sé bara meðfætt. Ég vil álíta það að það sé stíft inn í konum þrifnaður og slíkt og ekkert nema gott um það að segja [...] Ég held að það sé eitt af þessu sem er svona svolítið... meðfætt á milli kynja. Því það er munur á milli kynja. Ég held að konur sé almennt mikið þrifnari. Ég held að konur hafi það í huga að verja heimilið. Mikið meira en karlarnir. Ég held að það sé alveg... og ég held að margar konur fari miklu betur með peninga heldur en karlar.

Hins vegar leit þessi viðmælandi á það sem forskot karla að verða ekki ófrískir og þeir þar af leiðandi, hverfi ekki af vinnumarkaði. Þarna kemur í ljós þessi tvíhyggjuhugsun, karlar eru út á við og konur inná við, karlar sinni opinberu lífi og konur heimilislífi. Umhverfismálin eru samt greinilega talin til mjúkra mála og tengist það fyrst og fremst snyrtingu á umhverfinu:

Ég held að konur hafi mikið meiri áhuga á umhverfismálum en karlarnir. Ég held að það sé nú bara.... en.... það er nú óskaplega ekki gott orð að segja eðlislægt að hugsa um umhverfið og þrifnað og annað slíkt. Ég held að það sé ríkari þáttur í konum heldur en körlum.

Í stuttu máli: Viðmælendur mínir töldu kyn skipta máli í flestum tilfellum, þó mismiklu. Ein taldi það þó ekki skipta máli í þessum nefndarstörfum. En

misjafnar ástæður voru þó nefndar hvers vegna það skipti máli. Einn viðmælenda taldi það auka trúverðugleika nefndar að hafa karla með í henni, á meðan aðrir töluðu um að kynin væru ólík og hefðu mismunandi sýn, sem sýndi sig vel þegar rætt var um mun milli kynja. Allir viðmælendur töluðu um mun milli kynjanna, allt frá smá hugsanamun til þess að fara út í algera tvíhyggju hugsun um hefðbundin kynhlutverk.

6.3 Hæfni

Mikið var rætt um hæfni nefndarmanna í viðtölunum. Þá kom það skýrt fram hjá nokkrum viðmælendum að velja þyrfti hæfasta manninn í nefndina. Þar virtust jafnréttislögin þvælast fyrir. Einnig var talað um að ákveðin þekking þyrfti að vera inn í nefndunum, og þessar nefndir ættu að vera skipaðar fagmönnum, það er að segja smiðum í skipulagsnefnd, bændum í landbúnaðarnefnd og fólki úr félagsmálageiranum í félagsmálanefnd. Reyndar virtust vera gerðar minni kröfur til hæfni í félagsmálanefnd heldur en skipulagsnefnd. Þessi mikla umræða um hæfni og fagmennsku kom mér svolítið á óvart þar sem allar nefndir eru skipaðar starfsmönnum, embættismönnum sem koma með þessa fagþekkingu inn í nefndina. Eins og fram kemur í kaflanum um jafnréttislögin hér að ofan, þá er stjórnkerfi sveitarfélaganna byggt upp með þá hugsun að leiðarljósi að íbúar sveitarfélagsins sitji í þessum nefndum sem fulltrúar fólksins og eiga þess síðan kost að leita til embættismanna sveitarfélagsins þegar sérfræðiþekkingar er þörf (Kári Hólmar Ragnarsson, 2009, 184).

6.3.1 Hverjir eru hæfastir?

Konurnar í félagsmálanefnd töluðu ekkert um hæfni en því meira um áhugasvið nefndarmanna. Sömu sögu er að segja um Þóreyju sveitarstjórnarkonu og Sigríði í skipulagsnefnd. Það er spurning hvers vegna hæfnisorðræðan kemur ekki fram, hvort þær álíti eins og kemur fram hjá Kára, að embættismenn séu fagmennirnir og nefndarmenn þurfi bara að hafa áhuga á málefnum?

Karlkyns viðmælendum mínum varð sumum ansi tíðrætt um hæfni nefndarmanna. Þá þvældust jafnréttislögin fyrir: „Mér finnst alveg skelfilegt að ef það á að fara að setja út annað hvort karla eða konur og velja bara hitt kynið af því að það

vantar annað kynið....og sko við eigum að velja hæfasta fólkið.“ Hann taldi að bilið milli hæfasta og næst hæfasta gæti verið breitt. Sumir væru kannski með jafn hæft fólk af hvoru kyni, en alls ekki allir. Þegar ég spurði svo hvert hann teldi vera viðhorf sveitarstjórnar til jafnréttismála, svaraði hann því til að „fyrsta skilyrðið er að velja hæfasta fólkið.“

Annar viðmælandi talaði mikið um hæfni, og taldi hann kyn þá ekki skipa fyrsta sæti; „já í flestum tilfellum er fólk bara að leita eftir fólkinu, ekki eftir ... ég held að það skipti ekki máli hvort kynið er hjá flestum. Ég allavega hugsa það þannig að það þurfi að fá góðan og hæfan einstakling.“ Við ræddum hæfni og mikilvægi þess að hafa blandaðar nefndir fram og til baka;

já já það er nefnilega alveg ótrúleg mótsögn í þessu og það er sjálfsagt ... ég held sko ... auðvitað er það betra held ég það er ekki samt krúsjal atriði... það er oft betra að hafa blandaða nefnd, en ég held samt að fimm einstaklingar, hæfir einstaklingar, sé nefnd skipuð af þeim, og skiptir engu máli með kynið þá já.... maður er eiginlega komin í hring sko...

Að lokum komst hann þó að þeirri niðurstöðu að hann myndi frekar fórna blandaðri nefnd: „maður vill fá hæfasta einstaklinginn en samt vill maður hafa nefndirnar blandaðar. En ég held samt að maður mundi frekar fórna blandaðri nefnd... ef það eru 5 konur og þær eru augljóslega hæfastar.... ég held að maður mundi velja þær.“

Ég spurði hann svo betur úti þetta með hæfnina, hvernig ætti að ákvarða með hæfni í þessar nefndir. Þá fóru málin aðeins að flækjast og taldi hann þetta vera huglægt mat; „ég held að það væri ofsalega erfitt ef þú ættir að búa til próf... þessi er með þessa þekkingu og þessi þessa... það yrði mjög erfitt... enda hérna... þetta er allt bara huglægt mat.“

Í þátttöku minni í sveitarstjórnarkosningum var töluvert rætt um hæfni nefndarmanna. Þar þótti fólki mikilvægast að velja hæfasta einstaklinginn. Þó svo að fólk vildi fara eftir jafnréttislögum þá var hæfni eitthvað sem mönnum varð samt töluvert tíðrætt um. Hæfni er frekar óáþreifanlegt hugtak eins og

viðmælendur mínir vissu, þó töldu þeir margir hana skipta miklu máli, þó svo erfitt væri að setja fingur á hvernig hægt væri að mæla hana.

6.3.2 Fagmenn eða leikmenn?

Í þessari umræðu kemur aftur upp sú áhugaverða staða að kvenkyns viðmælendur mínir tala ekkert um fagmenn í nefndum, frekar en hæfni hér að ofan. Karlarnir lögðu töluverða áherslu á það og þá sérstaklega varðandi skipulagsnefnd. Þá má velta fyrir sér hvort umræðan um fagmennsku og skipulagsnefnd sé þá einungis frá karlmönnum kominn? Ummæli Sigríðar úr skipulagsnefnd gefa þó annað í skyn. Þegar ég spurði hana hverjar hún teldi ástæðurnar fyrir því að ekki fleiri konur væru í þessari nefnd (skipulagsnefnd) svaraði hún; „Ég veit það ekki, ætli þær treysti sér nokkuð í það. Þetta er ekki auðvelt sko! Ég skil stundum ekki hvað er verið að segja um burðarþol og eitthvað. Þetta eru flóknar reglugerðir sem maður þarf að lesa.“

Sömu sögu er að segja um Svein sveitarstjórnarmann, en honum fannst eðlilegt að iðnaðarmenn væru valdir inn í skipulagsnefnd:

Það er svolítið skiljanlegt með skipulagsnefndina, þar eru valdir inn iðnaðarmenn að stórum parti. Þeir þekkja þennan málaflokk út og inn. Og þetta er mjög flókinn málaflokkur... og fólk þarf virkilega þó nokkuð að hafa fyrir því að komast inn í hana. Allavega lög og reglur sem að koma þarna ... þarna þarf að hafa samstarf við hina og þessa. Ee... þess vegna held ég það að hún sé karlanefnd. Með félagsmálanefndina, það er skipulagsleysi ... algjört sko...

Samkvæmt þessu þá er félagsmálanefnd ekki erfið nefnd sem þarf fagfólk, en skipulagsnefnd hefur allskonar lög og reglur sem þarf að hafa í huga.

Bæði Jóhann og Lárus töluðu um þetta á aðeins öðrum nótum. Að þetta væri gamalt viðhorf sem erfitt væri að breyta og taldi Lárus að hlutverk nefndarinnar hafi breyst:

Það völdust í þetta húsasmiðir og rafeindavirkjar eða ... einhverjir svona... af því þetta var fyrst og fremst... þá voru menn að byggja hús

og það var verið að meta það sko... og þetta er svona meira kallastétt...
og það bara er þannig og hérna... þess vegna held ég að þetta hafi
verið.. fyrst og síðast... en hún síðan ... víkkar hlutverk nefndarinnar
og breytist eins og umhverfismálin og þessi skipulagsmál og þetta...

Á þessu mætti ætla að ekki sé lengur nauðsyn að velja iðnaðarmenn í skipulagsnefnd, enda nefndin ekki byggingarnefnd, heldur skipulags og umhverfisnefnd. Lárus er nefndarmaður í skipulagsnefnd og er ekki iðnaðarmaður, hann kveið því fyrst að taka sæti vegna þess að hann var alls ókunnur málaflokknum. Hann talaði um að það viðhorf að fólk í þessari nefndi ætti að hafa iðnmenntun, væri enn til staðar. Hann hafi verið ofsalega efins hvort hann ætti að stökkva inn í þetta. Ástæðan fyrir því að hann lét til leiðast á sínum tíma var sú að aðrir nefndarmenn voru fagmenn, þá fannst honum í lagi að fara þangað inn. Þau rök voru einnig notuð á hann þegar var verið að fá hann í nefndina. Ég spurði hann þá um hans reynslu, hvort það gæti verið betra jafnvel að vera ekki iðnaðarmaður: „jú það getur nefnilega alveg verið. Get litið öðruvísi á málin sko... þannig að þetta kannski skiptir ekki en ég held að þetta sé þessi hefð... að karlarnir hafa alltaf verið í þessu einhvernvegin“

Honum fannst þó gott að hafa þessa þekkingu þarna inni þó svo það skipti ekki alltaf máli: „Það segir sig bara sjálf að það er gott að hafa reynslu í hverju sem er... alveg sama hvað það er. Og líka gott að fá ný sjónarhorn inn líka.“ En hvað um starfsmenn nefndarinnar? Ég velti því fyrir mér sem áhorfandi, hvort ekki væri nóg að hafa þrjá starfsmenn nefndarinnar: „..... en auðvitað á nefndin að geta treyst á að starfsmennirnir séu búnir að kynna sér málin og ... við eigum svona að vera ráðgefandi... og þeir eiga að mata okkur.“ Þannig að þörfin á iðnaðarmönnum í skipulagsnefnd er hugsanlega ofmetin.

Í stuttu máli: Konurnar í rannsókninni voru alls ekki eins uppteknar af hæfnisorðræðunni og karlarnir. Aðallega var talað um fagmennsku þegar skipulagsnefnd var til umræðu, en hæfni þegar rætt var almennt um nefndir. Augljóst var á þeim viðmælendum sem ræddu um þessi mál að fagmennska ætti ekki við um félagsmálanefnd heldur einungis skipulagsnefnd. En þó skein í gegn að hæfni gat vel átt við um bæði kynin og þótti mönnum þá jafnréttislögin þvælast fyrir. Þegar farið var að kryfja málin til mergjar kom þó í ljós að erfitt er að mæla

hæfni, slíkt yrði aldrei annað en huglægt mat. Eins kom það í ljós að ekki virðist vera nauðsynlegt að skipa iðnaðarmenn í skipulagsnefnd þar sem hlutverk nefndarinnar hefur breyst. Þó telja menn skipulagsnefnd gríðarlega flókna og erfiða nefnd.

6.4 Þyngd nefnda

Út frá hæfni og fagmennsku umfjölluninni er ágætt að skoða viðhorf til þyngdar nefndanna. En misjafnt var hvort menn töldu félagsmálanefnd eða skipulagsnefnd þyngri. Ekki var munur á viðhorfi þeirra sem þekktu til nefndanna eða ekki. Þannig má nefna að Lárus í skipulagsnefnd taldi félagsmálanefnd mjög erfiða nefnd, þar sem væri verið að fjalla um erfið og viðkvæm mál. Aftur á móti taldi Sigríður, sem varamanneskja í félagsmálanefnd, þá nefnd alls ekki erfiða og málin oftast liggja beint við.

6.4.1 Skipulagsnefnd

Umræðan um skipulagsnefnd var áhugaverð að því leyti að enginn talaði um hana sem auðvelda nefnd þar sem málin liggja beint við. Annað hvort tjáðu menn sig ekkert sérstaklega um þyngd hennar eða þeir töldu hana þunga og flókna. Það var þá yfirleitt nefnt sem ástæðan fyrir því að iðnaðarmenn væru valdir þar inn. Sveitarstjórnarmaður taldi ástæðuna fyrir kvenmannsleysi í skipulagsnefnd mjög augljósa, eins og kom fram hér að framan. Hann sagði ástæðuna vera að iðnaðarmenn veljist þar inn því þeir þekki þennan málaflokk vel, hann sé mjög flókinn: „Og fólk þarf virkilega þó nokkuð að hafa fyrir því að komast inn í hana. Allavega lög og reglur ... sem að koma þarna ... þarna þarf að hafa samstarf við hina og þessa.“ Þar sem flestir iðnaðarmenn eru karlar þá þótti honum þetta skýra málið. Sigríður í skipulagsnefnd hafði svipaða sögu að segja eins og fram hefur komið, að skipulagsnefnd væri hreint ekki auðveld og oft skildi hún ekki hvað væri verið að segja um burðarþol og þessháttar: „Þetta eru flóknar reglugerðir sem maður þarf að lesa.“ Þegar ég talaði við Lárus, karlinn í skipulagsnefnd um þetta, bjóst ég við svipaðri umræðu hjá honum. Þar sem hann er ekki iðnaðarmaður. Hann útskýrði sína upplifun fyrir mér:

... stundum koma mál þarna sem maður er bara... já geta verið bara þræl flókin og við höfum lent í mjög erfiðum málum, þar sem menn eru að spá og spekúlera. En það skiptir auðvitað máli hvað reglurnar segja..... þú þarft að uppfylla þessar kröfur. En það er stundum þar sem þarf að meta málin og það eru oft erfiðustu málin.

Þannig að í þessari nefnd geta auðvitað komið upp erfið mál. En hvort Lárus upplifi það sem mikinn ókost að vera ekki iðnaðarmaður er annað. Lögin eru til og hægt er að lesa þau, það eru bara ákveðnar reglur sem þarf að fara eftir rétt eins og í félagsmálanefnd. Lárusi fannst þetta ekki eins óþægilegt og hann hélt: „En þetta er samt... ef þú kynnir þér lögin og ert að byggja eitthvað svona... þá þarf björgunar op að vera visst stórt. Það eru bara ákveðnar reglur... þannig að það var ekki eins óþægilegt og ég hélt, en stundum töluðu þeir fræðilega, af því að þeir þekktu þetta vel... ég þurfti svolítið að hafa meira fyrir því að koma mér inni.“

Þannig að upplifun Lárusar er ekki eins og Sigríðar, en það er kannski eðlileg skýring á því. Sigríður var ekki í nefndinni frá upphafi heldur kom inn í hana á miðju kjörtímabili, og taldi Lárus það hafa verið erfitt fyrir hana:

Ég gæti trúað að fyrir Sigríði hafi þetta verið mjög erfitt að koma inn á miðju tímabili.... því að... hún kemur sko... af því að það var..... það er betra þegar allir eru að byrja nýir... þá byrja einhverjir nýir saman ... en þarna er komin ákveðin rúttína... og hún dettur bara inni.... og stundum kemur hún inni einhver mál sem er kannski búið að ræða og taka fyrir áður... og við erum búnir að kynna okkur þau og hún kemur inni svona...

Þó svo Sigríður hafi ekki nefnt það sem ástæðu fyrir erfiðri nefnd þá getur vel verið að þetta hafi áhrif á upplifun hennar. Ég spurði hana þó ekki um það sérstaklega, enda var viðtalið við hana fyrsta viðtalið og viðtalið við Lárus það síðasta.

Lárus ræddi aðeins um þennan viðhorfsmun til skipulagsnefndar og félagsmálanefndar. Þá var hans upplifun að skipulagsnefnd væri sýnilegri vegna eðlis hennar, það er verið að framkvæma „... verið að byggja upp og gera eitthvað...“ En í félagsmálanefnd eru viðkvæm mál og oft feimnismál, sem snúa að fjölskyldum og heimilum „í hinni tekurðu á málum sem að mjög margir vilja ekki vita um...“ Þessi sýn þótti mér áhugaverð og velti því fyrir mér hvort þetta móti á einhvern hátt viðhorfið til hversu erfiðar nefndirnar séu? Í þátttöku minni í sveitarstjórnarkosningunum fannst mér á fólki að erfitt væri að fá konur til að treysta sér í skipulagsnefnd. Talað var við nokkrar konur svo ég vissi um, en illa gekk að fá þær inn í nefndina.

6.4.2 Félagsmálanefnd

Það viðhorf að félagsmálanefnd sé ekki erfið og liggi beint við kom fram hjá tveim viðmælendum sem þekktu til nefndarinnar. Sigríður bar saman skipulagsnefnd og félagsmálanefnd og fannst félagsmálanefnd mikið auðveldari og þær reglugerðir einfaldari: „Já já þær eru bara ekki svona flókna. Eða mér hefur allavega ekki fundist það. Þau mál liggja bara beint við.“ En eins og kom að framan þá kom Sigríður inn í skipulagsnefnd á miðju kjörtímabili, en hún var varamaður í félagsmálanefnd frá upphafi tímabilsins. Jóhann, fyrrum nefndarmaður í félagsmálanefnd, taldi að fyrst og fremst reyndi á fagmennsku í þessari nefnd. Þó vissulega geti komið upp tilfinningalega mjög erfið mál. En í sambandi við reglurnar þá þótti honum þær bara skýrar: „... það er svo margt sem er verið að fást við sem er bara klippt og skorið af reglum...“ Þegar umræðan snerist um vinnu við nefndirnar þá sagði hann þetta ekki vera mikla vinnu:

... nei, ekki eins og ég hef tekið þessu. Þetta eru nokkrir fundir á ári og einstöku sinnum að lesa einhverjar reglugerðir á milli. En nei ég get ekki sagt að þetta sé mikil vinna. Sko við fáum frí úr okkar vinnu til þess að mæta á fundi, án þess að það sé dregið af neinum launum þannig að það er enginn vandi þannig við þetta. Sjálfsagt er þetta misjafnt eftir nefndum hversu mikil vinnan er. En mér hefur ekki þótt þetta mikil vinna í félagsmálaráði....

Þessi upplifun Jóhanns er ekki sú sama og félagsmálanefndarkonur hafa af nefndarstörfum. Sonja formaður nefndarinnar segir starf í þessari nefnd mjög erfitt, hún hafi til að byrja með verið alveg búin eftir fundi. En núna sé hún komin með smá skráp. Málín sem upp koma í nefndinni séu oft erfið.

Í stuttu máli; Viðmælendur mínir tala aldrei um skipulagsnefnd sem auðvelda, og þeir sem tala um skipulagsnefnd tala yfirleitt um hana sem mjög flókna og erfiða nefnd. Lárus dregur þó aðeins úr því en þykir hún þó alls ekki auðveld. Umræðan um félagsmálanefnd er aðeins af öðrum toga, tveir viðmælenda minna sem þekkja til hennar þykir hún ekki erfið og málin liggi yfirleitt beint við. Formaður félagsmálanefndar segir hana þó tilfinningalega erfiða og Lárus telur einnig svo vera án þess þó að hafa sérstaka reynslu af henni.

6.5 Sjálfsmynd

Að túlka sjálfsmyndir annarra getur verið vandasamt. Einungis getur verið um mína eigin túlkun að ræða. Engu að síður þóttist ég sjá ákveðið munstur. Þeir viðmælendur mínir sem ekki samsömuðu sig hefðbundnum hugmyndum okkar um karlmennsku eða kvenleika, voru sveitarstjórnarkonan og karlmaðurinn í félagsmálanefnd. Aðrir viðmælendur mínir skáru sig ekki eins úr.

Sigríður talaði um flóknar reglugerðir í skipulagsnefnd, en þegar ég spurði hana um karlana í nefndinni með henni sem þyrftu líka að lesa þessar sömu reglugerðir, þá svaraði hún: „Nei ég veit, einmitt þeir þurfa þess líka sko. En þeir vita svo margt. Maggi, hann veit allt.“ Og nefnir fleiri sem vita allt. Sjálfstraust hennar gagnvart reglugerðum skipulagsnefndar virðist vera mun minna heldur en gagnvart reglugerðum félagsmálanefnda.

Þórey sveitarstjórnarkona hafði ekki eins hefðbundna sýn á hlutina og aðgreindi sig áberandi frá öðrum konum. Henni þótti skipulagsmálin skemmtileg og skildi ekki hvers vegna konur sæktu ekki meira í þá nefnd. Hún talaði líka um prófkjör, sem hún tók þátt í vegna landsmálapólitíkur, sem hún taldi henta konum illa:

... prófkjör eru ákveðið átakaferli og eitt af því sem já konur hafa oft verið hikandi við. Og ... já, mér hefur fundist þetta áhugaverð leið til að stilla upp. En þau hafa sína galla eins og aðrar aðferðir. En prófkjör hafa verið talin svona erfið konum og það hefur sýnt sig að öllu jöfnu að þetta er svona geim sem hentar körlum frekar en í mínum huga þá hefur þetta ekki hentað mér illa...

Hún talar um að hún hljóti að vera áhættusækin í eðli sínu, vegna allra þeirra prófkjara sem hún hefur tekið þátt í. En áhættusækni er einmitt ekki talin vera í eðli kvenna samkvæmt hefðbundnum skilningi. Þórey hefur aldrei upplifað sig sem minnihluta vegna kyns, en telur það þó alls ekki segja alla söguna: „Þó persónulega er mín upplifun öðruvísi. En ég virði það að konur að stórum hluta upplifa allt aðra hluti en ég.“ Þórey virðist ekki upplifa sig sem hluta af hefðbundinni kvenleikaímynd. Hún er bara hún og stendur föst á því sem henni finnst.

Jóhann, karlinn sem hafði verið í félagsmálanefnd, velti fyrir sér hvers vegna hann hafi valist í félagsmálanefnd á sínum tíma og komst helst að þeirri niðurstöðu, að það hafi haft eitthvað með starfsval hans að gera: „Kannski hefur ástæðan verið, ég hef aldrei séð þetta, er sú að ég hef verið kennari og ... kennarastofan eða skólinn er dálítið orðinn kvennavinnustaður og hérna... kannski var það viðhorfið að ég er vanur að vinna með konum...“ Bæði það að hann ynni á kvennavinnustað, eins velti hann því fyrir sér hvort starfið sjálft hefði eitthvað með það að gera: „... ég hef ekkert spáð í þetta en ... það er möguleiki sko... og í skólum er maður svolítið að fást við þessi mjúku mál eins og uppeldismál öðrum þræði sko...“

Jóhann hefur aldrei samsamað sig hefðbundnum karlmennskuímyndum. Hann sagðist alltaf hafa haft óbeit á slagsmálum og frekar átt stelpu vini og alltaf líkað vel að vinna með konum.

Sveinn flokkar fólk mjög skýrt í hópa í viðtalinu. Bæði eftir kyni og stjórnmalaskoðunum. Miðað við þau eðlishyggjusjónarmið sem komu fram hjá Sveini þá er hægt að áætla að hann eigi heima innan hefðbundins ramma karlmenskunnar. Lárus lítur á sig sem jafnréttissinnaðan mann og gleðst yfir þeim breytingum sem hafa orðið á högum foreldra og nefnir fæðingarorlof feðra sem dæmi. Eins var Lárus ánægður með hversu margar öflugar konur voru á listanum í síðustu kosningum:

Ég var í þriðja sæti síðast og fyrir ofan mig voru tvær konur og það voru einhverjir sem gerðu grín að mér fyrir það. Mér fannst þetta svo fyndið.... ég sagði ég er bara stoltur af því, ég meina já ég meina Lárus á kvennalistanum var sagt við mig. Mér fannst þetta svo fyndið sko hehe... ég meina þetta er eiginlega mesta hrós sem ég get fengið...

Eins var Lárus eini viðmælandinn sem ræddi kvennabaráttuna og samkynhneigð. Sveinn og Lárus eru ekki sömu kynslóðar og það kemur nokkuð skýrt fram í ummælum þeirra.

Í stuttu máli: Hefðbundin viðhorf virðast vera ríkjandi hjá flestum viðmælendum mínum, með tveim undantekningum þó. Þau sem aðgreina sig hvað mest frá sínu kyni virðast vera frekar meðvituð um það og dálítið stolt af því. Kynslóðamunur

er augljós milli tveggja karlkyns viðmælenda minna þar sem sá eldri hefur mun hefðbundnara viðhorf til kynjanna heldur en sá yngri.

6.6 Áhugasvið

Það skal engan undra að viðmælendur mínir ræddu um áhugasvið. Þá var rætt um mun á milli kynja í þeim efnum, og bæði talað um að auka þyrfti áhuga kvenna á ákveðnum málum, eins karla á öðrum málum. Nokkuð var um hefðbundnar skoðanir á hvert áhugasvið kvenna væri, en líka hvernig áhugi breyttist með þekkingu á ákveðnum málefnum. Þannig komu bæði fram þau viðhorf að ótækt væri að hafa áhugalaust fólk í nefndum, en einnig að áhuginn kæmi oft ekki fyrr en menn kynntust viðfangsefninu. Þá töluðu nokkrir um að það vantaði hreinlega áhugasamt fólk í nefndir.

6.6.1 Munur milli kynja

Munur á áhugasviði kynjanna varð mörgum að umtalsefni. Yfirleitt voru þó kynin að tala um hvort annað, þannig að karlar tjáðu sig um áhuga kvenna og öfugt. Lárus til dæmis taldi konuna í skipulagsnefnd og varamann (konu) hafa meiri áhuga á umhverfismálum, án þess þó að geta sett fingur á það: „þær eru meira svona umhverfis.... í umhverfismálunum sko. Það er svona þeirra.... það er einhvern vegin þeirra svona.... meiri áhugi er þar.“ Þegar hann reyndi að greina ástæðuna betur þá kom í ljós að þetta var einhver tilfinning sem hann hafði: „...já mér finnst það. Þær eru mjög öflugar í umhverfismálunum... og ég meina líka í skipulagsmálunum og allt svoleiðis, en það er svona... maður finnur... það er svona... já það er svona, betur að sér í því eða svona ég veit ekki...“

Sveinn taldi konur líka hafa meiri áhuga á umhverfismálum, talaði þó meira almennt og taldi það hreinlega í eðli kvenna að hugsa um umhverfið eins og fram kom hér að framan. Þó svo þeir komi þessu ólíkt frá sér þá komast þeir að sömu niðurstöðu. Það sem er áhugavert þó, er að enginn kvenkyns viðmælandi minn talaði um sérstakan umhverfisáhuga kvenna. Þessi umræða þykir þó sjálfsögð. Menn kasta þessu fram sem fullyrðingu, að konur hafi meiri áhuga á umhverfismálum heldur en karlar.

Jóhann taldi þó að áhugasvið kynjanna væri töluvert mótað af viðhorfi. Þegar ég spurði hann hverja hann teldi vera ástæðuna fyrir því að karlar sækji í skipulagsnefnd og konur í félagsmálanefnd svaraði hann: „já það er sjálfsagt áhugasviðið, þetta gamla viðhorf held ég. Við erum öll svona inni við beinið alveg óskaplega íhaldssöm. Og erfitt að breyta svona viðhorfi. Ég held það.“ Sýn Jóhanns er áhugaverð, að það geti verið íhaldssemi sem stýri því að erfitt sé að breyta gamaldags viðhorfi.

Þórey talaði einnig um áhuga, bæði kvenna og karla en taldi fáar konur hafa áhuga á skipulagsmálum og var í raun undrandi á því: „ég er sérstaklega, ég er alveg sérstaklega undrandi á því að hvað það eru fáar konur sem hafa áhuga á skipulagsmálum, sem mér finnst vera áhugaverðasta sviðið...“ Þannig að þegar hún fann konu sem hafði áhuga lagði hún til að sú kona yrði varamaður í skipulagsnefnd. En þessi kona var ekki á lista eða studdi framboð Þóreyjar. Í þessu tilfalli þótti henni það skipta meira máli að finna konu sem hafði áhuga á þessum málum heldur en að taka einhvern karl af lista. Þórey hafði einnig ákveðnar áhyggjur af áhugaleysi kvenna á stjórnámálum almennt eins og fram kemur í umræðunni um muninn á milli kynjanna. Að konum þyki stjórnálin ekki skemmtileg og vilji eyða tíma sínum í aðra hluti.

6.6.2 Þekking og áhugi

Þegar umræðan um jafnt kynjahlutfall fer af stað, kemur alltaf upp umræða um áhuga og hæfni. Fjallað hefur verið um hæfni hér að ofan, en áhuginn verður tekin fyrir hér. Nokkrir viðmælendur mínir höfðu orð á því að það vantaði almennt áhugasamt fólk í nefndir. Sú staðreynd að erfitt sé að fá fólk í nefndarstörf gerir það vissulega erfitt að jafna kynjahlutföllin. Nokkrar konur í félagsmálanefndinni töluðu um það að margir væru í nefndum en hefðu engan áhuga á því. Ein konan í félagsmálanefnd talaði mikið um að ótækt væri að hafa áhugalaust fólk í nefndum. Því fannst henni fásinna að skipa fólk í nefndir eftir kyni, því fólk yrði að hafa áhuga. Þegar ég spurði Jóhann aðeins út í sína tilfinningu varðandi áhugann, þá var hann nú ekki frá því að það vantaði áhugasamt fólk í nefndir: „En samt er það nú svo að fólk sem gefur sig út... eða já er tilbúið að vera á lista. Ég held að það sé nú dálítið litið á það að þá sé það tilbúið að starfa í nefndum.“ Samt sem áður

virðist vera erfitt að fá inn fólk sem er brennandi af áhuga, Jóhann taldi minnsta kosti að það væru fleiri eins og hann sem „létu til leiðast“ en fari ekki beint af áhuga.

Þrír viðmælendur mínir töluðu um að áhugasvið breyttist við að taka að sér ákveðin verkefni. Jóhann til dæmis, taldi að þó svo hann hafi látið til leiðast í nefndina á sínum tíma þá hafi áhuginn eflst og þegar hann var farinn að vinna að ákveðnum málum þá vildi hann gera það vel. Þórey var sama sinnis og nefndi því til staðfestingar, að áhugi hennar á skipulagsmálum hafi komið til vegna setu í skipulagsnefnd:

... þetta er auðvitað allt bara eitthvað sem þú þarft að læra. Áhugasviðið kemur til útaf því að mér var falið það á sínum tíma að vera í skipulagsnefnd miðhálandisins og þá þroskaði ég með mér, ég var að setja mig inn í þetta og mér fannst þetta mjög áhugavert mál, sem þroskar þá áhugasviðið manns...

Lárus talaði um að viðhorfið hans gagnvart skipulagsmálum hafi breyst og nú væri hann farin að fylgjast með skipulagsmálum á fleiri stöðum og því óhætt að segja að áhugi hans hafi aukist:

Sv: já hann hefur breyst. Hann hefur líka kannski.... þetta hefur opnað fyrir manni svona... maður hefur svolítið þælt í þessu sko, hvernig skipulagið hjá svona... hann hefur náttúrulega aukist og opnast svona. Maður sér svona... ja maður er svona svo lítið að þæla í þessu þegar maður fer annars staðar. Eins þegar maður heyrir svona... já og reyni að og það kemur fyrir að ég fer og les hvað aðrir eru að gera og svona...

Sp: já eitthvað sem þú gerðir ekki áður?

Sv: nei hefði ekki litið á það sko! Maður bara þældi ekki í þessu. Maður bara bjó hérna... þetta var bara umhverfi manns sem maður bjó í og

Sp: og það var bara svona!

Sv: já! Og það voru einhverjir kallar í einhverri nefnd sem tóku ákvarðanir um það, ég var bara íbúi þannig að það er algjörlega breytt.

Á þessum umræðum sést glögglega að áhugasvið er eitthvað sem þróast og því erfitt að halda því fram að ólík áhugasvið kynjanna komi í veg fyrir að konur sæki í skipulagsnefndir og karlar í félagsmálanefndir. Miklu líklegra er að hefðir og viðhorf ráði þar einhverju um.

Í stuttu máli: Töluvert er um hefðbundin viðhorf viðmælenda gagnvart ólíku áhugasviði karla og kvenna, þó taldi Jóhann að það væri viðhorfið sem stjórnaði áhuganum. Bæði Jóhann og Þórey töluðu um að efla þyrfti áhuga hins kynsins. Þegar rætt var um skort á áhugasömu nefndarfólki bentu aðrir viðmælendur á að áhugasvið eflist með aukinni þekkingu. Þannig að fólk þarf frekar að vera opið og tilbúið til að prófa eitthvað óþekkt.

6.7 Viðhorf

Eitt af þeim þeim sem ég greindi í viðtölunum var viðhorf. Þá á ég við umræðuna um áhrif viðhorfa á stöðu mála. Það voru alls ekki allir sem ræddu um áhrif viðhorfs á ákvarðanir okkar en þeir sem gerðu það töldu ljóst að viðhorfin stjórnuðu þarna miklu. Þá var bæði talað um gamaldags hugsunarhátt sem væri enn ríkjandi og réði því hvernig kynin veljast í nefndir en einnig það viðhorf að menn yrðu að hafa einhvern ákveðin bakgrunn til að taka sæti í nefnd, þá skipulagsnefnd. Jóhann var alveg harður á því að það væri viðhorfið sem réði því að smiðir veldust inn í skipulagsnefnd:

... ég held að það sé þessi sýn sko ... þeirra sem raða í nefndirnar... eða já að þetta er karlamál og þetta er kvennamál. Þessi gamaldags hugsunarháttur er svo ríkjandi ennþá. Það eru skipulagsnefndir, það eru karlar sem hafa unnið við þau mál undanfarna áratugi og þarna eru gjarnan settir inn smiðir og aðrir iðnaðarmenn kannski. Og þeir eru miklu fleiri karlar. Ég held að þetta sé bara þetta gamla viðhorf.

Fleiri töluðu um viðhorf og hefðir. Sveinn taldi það geta verið vegna hefðar að skipulagsnefnd væri svona einsleit: „já ég held að það sé svolítið hefðin hvernig menn horfa á þetta, þetta hefur svona verið...“ Hann vildi þó ekki orða það sterkar en svo, enda taldi hann nauðsynlegt að hafa þessa þekkingu inni í nefndinni. Þegar ég spurði Lárus um þetta þá nefndi hann líka þessa hefð, hann taldi að það tæki tíma að breyta þessu. Þarna væru ákveðnir múrar sem þyrfti að brjóta en þetta „hefur bara verið svona einhvern veginn“ og erfitt að brjóta þessar hefðir. Þess vegna hafi honum þótt erfitt að ákveða sig þegar hann var beðinn um að taka sæti í nefndinni:

já það er þetta viðhorf... fólki finnst að það þurfi að hafa þessa menntun... það var eins og ég bara.... mér fannst svona... var ofsa efins hvort maður ætti að stökkva inni þetta ... og ég viðurkenni það að stundum hefði það verið betra. Ég held það sé líka, ég meina það getur örugglega verið betra... það koma upp mál þar sem það getur verið betra en ... það þarf ekkert endilega að vera.. eða í fæstum tilfellum held ég...

Það er sem sagt ekkert endilega betra að vera smiður í skipulagsnefnd, en þá er einhver viðhorfsbreyting sem þarf að eiga sér stað. Þórey ræddi aðeins um viðhorfsbreytingu, en hún taldi að meira væri um ómeðvitaðan kynjahalla heldur en meðvitaðan: „Þetta er bara kúltúrin eða hvað maður á að kalla það. Það er bara með þessum hætti sem er alveg grafalvarlegt mál. Og þú þarft að ná fram viðhorfsbreytingunni og það er svo sem búið að vera tala um það lengi.“ Jóhann tekur í sama streng: „já það er sjálfsagt áhugasviðið, þetta gamla viðhorf held ég. Við erum öll svona inni við beinið alveg óskaplega íhaldssöm. Og erfitt að breyta svona viðhorfi. Ég held það.“ Þórey telur þó að fólk sé jákvætt gagnvart jafnréttismálum og vilji hafa jafnt kynjahlutfall í nefndum: „Mér finnst það alltaf hafa verið þannig að fólk vill... Það gefst bara upp of snemma. Af því að það fær ótrúlega mörg nei.“

Í stuttu máli: Þau sem tjáðu sig um viðhorf eru öll sammála um að viðhorf og hefðir hafi mikil áhrif á stöðu mála. Reynolds Lárusar af skipulagsnefnd gefur þó til kynna að eitthvað megi fara að endurskoða þessi viðhorf, ekki þurfi endilega iðnaðarmenn í skipulagsnefndina. Íhaldssemi og kúltúrin er sennilega það sem tefur fyrir þessum viðhorfsbreytingum.

6.8 Ábyrgð á framkvæmd jafnréttis laga

Þær umræður og hugmyndir sem á undan hafa farið eru kannski ástæður fyrir ójöfnu kynjahlutfalli í félagsmálanefnd og skipulagsnefnd, en hver ber ábyrgðina? Viðmælendur mínir voru allir frekar sammála um það en upp geta komið flækjur. Sveitarstjórnarmennirnir sem ég ræddi við voru ekki alveg sammála. Annar þeirra sat í minnihluta og hinn meirihluta. Þannig taldi sá sem sat í minnihluta alveg á hreinu að það væri ábyrgð meirihlutans að jafna kynjahlutföllin: „... hann hefur þrjá það er... hinn hefur aldrei nema einn. Við getum ekkert valið ... og hvert framboð velur sitt fólk.“ Hann sagði að oddvitar listanna veldu nefndarmenn svo auðvelt ætti að vera fyrir meirihlutann að velja eftir kyni. Aftur og aftur ítrekaði hann þetta: „...ég hef alltaf sagt að það lendir á meirihlutanum...“ Þannig að í hans huga er ábyrgð meirihlutans ljós. Þegar ég ræddi við hinn sveitarstjórnarmanninn var hún sammála því að meirihlutinn bæri ábyrgð:

... sá listi sem hefur tvær manneskjur, að það er algerlega lágmark að sá aðili sko verði að koma með konu og karl. Meirihlutinn á þrjá, og meirihlutanum ber það og við gerðum það ekki ... einfaldlega útaf því að það gekk mjög það urðu svona hrókeringar ákveðnar....

Ábyrgð meirihlutans er ljós, en einnig hafði Þórey, sveitarstjórnarkona, orðið vör við umræður um að konurnar í sveitarstjórninni ættu að bera ábyrgð á þessu:

Og draga það fram að í 4 manna meirihluta eru 3 konur. Að við skulum ekki standa okkur betur. En þá kem ég aftur að því að í mínum huga eru þetta ekkert kvennamál. Þannig að þegar það er bent á það að við séum 3, sem okkur hefur verið bent á, þá er það bara... skiptir það ekki máli. Það er okkar allra þessara 7 að sjá til þess að sjónarmið beggja kynja ... fái að njóta sín.

Þó svo ekki sé hlaupist undan ábyrgð meirihlutans hérna þá kemur samt fram að henni finnst það sveitarstjórnar allrar að sjá um að þessi mál séu í lagi. Annað sem þau voru ekki sammála um, sveitarstjórnarmennirnir, var hvernig valið væri í nefndir. Sveitarstjórnarmaðurinn í minnihluta var ekki af pólitískum lista¹ og taldi hann pólitísku listana vera með mjög þröngt sjónarhorn þegar kæmi að vali í nefndir: „Það er alveg skelfilegt að... sérstaklega þessir pólitísku flokkar... þeir

¹ Með pólitískum lista er átt við lista sem tengjast stjórn mála flokkum á landsvísu.

velja svo knappt sko þeir velja svo knappt einfaldlega fyrir það að þeir geta ekkert valið nema pólitískt fólk...“ Oddvitar listanna veldu ekkert nema sitt fólk en hans framboð hafi ekkert endilega valið fólk í nefndir sem sat á listanum. Hann nefndi dæmi um einn mann í skipulagsnefnd: „Hann hefur setið í skipulagsnefnd lengi. Við þíndum hann í að vera formann þarna á hinu kjörtímabilinu. Hann hefur aldrei verið á lista. Ekki það að við höfum svona trú að því að hann styddi okkur.“ Það er ákveðin þversögn þarna, hann trúði því að þessi maður styddi þá þó svo hann hafi ekki verið á lista, þar af leiðandi voru þeir á einhvern hátt að velja „sitt fólk“. Eins segir sveitarstjórnarkonan í meirihlutanum að mikið pláss sé í hennar huga til að velja fólk utan við flokkspólítíkina. Það er sennilegt að öll framboð velji fólk í nefndir sem það telur vera á sínum meiði hvort sem það er á listanum eða ekki.

Aðrir viðmælendur mínir töluðu ekki um meirihluta og minnihluta í þessu samhengi, heldur töluðu um alla sveitarstjórnina og töldu hana bera ábyrgðina. Jóhann velti einnig fyrir sér hvort samgönguráðuneytið² ætti að sjá til þess að þessu sé framfylgt en hann var sá eini sem nefndi þann möguleika. Sigríður talaði ekki sérstaklega um ábyrgð, en varðandi val í nefndirnar, þá bauð hún sig fram í skipulagsnefnd en varð ekki aðalmanuskja þrátt fyrir áhuga sinn og skort á konum.

Lárus velti aðeins fyrir sér hvort það væri bara meirihlutans eða allrar sveitarstjórnar, en komst svo að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórnin ætti öll að bera ábyrgð á þessum málum:

... nei ég myndi segja alla sveitarstjórn. Þeir sem eru kosnir í sveitarstjórn já þeir yrðu bara að koma saman. En ég held samt að ef að ... já ... þetta er pæling. Og sjálfsagt gera þeir þetta núna.... ég meina þeir þurfa að uppfylla þessi lög. Þetta eru opinberir aðilar og ber algjör skylda til að fara eftir lögum, ég meina....

Það að uppfylla jafnréttislögin virðist ekki vera svo einfalt. Báðir sveitarstjórnarmennirnir bentu á ákveðið vandamál sem gæti komið upp eftir kosningar. Oft springa meirihlutar eftir kosningar og menn hugsanlega sárir, þetta eru viðkvæmir tímar. Þórey talaði um að eftir síðustu kosningar (2006) hafi

² Samgönguráðuneytið hefur umsjón með sveitarstjórnarmálum.

samkomulagið verið stirt vegna meirihluta slita, það hafi verið algerlega vonlaust að tala saman. Eins nefndi hún að við myndun nýs meirihluta séu hlutirnir brothættir:

Þetta er gert á viðkvæmum tímum ... þú stillir ekki nýjum leikfélögum þínum upp og segir nei ég vill ekki þennan! Ég er ekkert að tala um bara hér. Þú ert að mynda meirihluta á þessum tíma. Þú ert að koma útúr misjafnlega erfiðum kosningum sumstaðar.

Þannig að bæði samskipti við nýjan minnihluta og nýja samherja í meirihluta eru viðkvæm. Sveitarstjórnarmaðurinn í minnihlutanum var algerlega sammála þessu:

Já já menn eru missáttir. Menn eru missáttir. Það er bara þannig. Það er ekki gott að þegar það er kannski búið... ja við getum sagt eins og síðast... það var slitinn meirihlutinn sem var samt meirihlutinn eftir kosningar. Sko þá vorum við kannski ekkert endilega alveg sáttir að vera tilkippileg við nýjan meirihluta.

Þetta hlýtur að þvælast fyrir því að sveitarstjórnin í heild sinni tali sig saman um kynjahlutföll í nefndum eftir kosningar. Þannig að þó svo viðmælendur mínir séu allir sammála um ábyrgð sveitarstjórnar, geta komið upp erfiðleikar við framkvæmdina.

Í stuttu máli: Flestir eru sammála um að ábyrgðin sé sveitarstjórnar, þó með viðbótar hugmyndum um ábyrgð samgönguráðuneytis. Eini viðmælandinn sem telur það vera alfarið á ábyrgð meirihlutans er sveitarstjórnarmaður í minnihluta. En þó svo ábyrgðin sé skýr, getur framkvæmdin greinilega verið önnur.

6.9 Samantekt

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að viðmælendur mínir töldu kyn yfirleitt skipta máli, með einni undantekningu þó. Allir töluðu um mun milli kynjanna, á bilinu frá smá hugsanamun milli kynja til algerrar tvíhyggjuhugsunar. Þegar rætt var um hæfni þá kom í ljós að konurnar í rannsókninni töluðu ekki um hæfni eða fagmennsku. Þegar talað var um fagmennsku var verið að tala um skipulagsnefnd en þegar umræðan var almennari var talað um hæfni. Fagmennska virtist eiga við um skipulagsnefnd en ekki félagsmálanefnd. Orðræðan um hæfni var sterk en þegar kafað var dýpra kemur í ljós að hæfni er einungis huglægt mat. Fram kemur að krafan um iðnaðarmenn í skipulagsnefnd er hugsanlega tímaskekkja, þar sem hlutverk nefndarinnar hefur breyst. Það breytir því þó ekki að menn tala um skipulagsnefnd sem ofsalega flókna og erfiða nefnd. Aldrei er talað um hana sem auðvelda, en umræðan um félagsmálanefnd er tvíþætt. Annað hvort er talað um hana sem auðvelda og málin liggja beint við. Eða eins og formaður félagsmálanefndar sagði, að nefndin væri tilfinningalega erfið, en það var einnig viðhorf annars viðmælenda. Flestir viðmælendurnir hafa hefðbundin viðhorf gagnvart kynímyndum. Tveir aðgreina sig þó og eru frekar meðvitaðir um það og stolt af því. Mikill kynslóðamunur er á milli tveggja karlkyns viðmælenda og hefur sá eldri mun hefðbundnari viðhorf en sá yngri. Viðhorf gagnvart ólíku áhugasviði karla og kvenna var frekar hefðbundið en þó kom fram sú skoðun að viðhorfið stjórnari áhuganum. Talað var um að efla þyrfti áhuga karla og kvenna og að almennt væri skortur á áhugasömu nefndarfólki. Það sem umbyltir hugmyndum okkar um áhugasvið var skoðun og reynsla þriggja viðmælenda sem töldu allir að áhugasvið væri eitthvað sem eflist með reynslunni. Með því að prófa að taka þátt, þá kæmi aukinn áhugi. Þeir sem ræddu um viðhorf voru allir sammála um að viðhorf og hefðir hefðu mikil áhrif á kynjaskiptingu í þessum nefndum. Þessi viðhorf þarf að endurskoða en íhaldssemi og kúltúrin viðhalda sennilega þessum viðhorfum. Flestir voru sammála um ábyrgð sveitarstjórnar. Þó með einni undantekningu, en það var sveitarstjórnarmaðurinn í minnihluta, hann taldi meirihlutann eiga að bera þessa ábyrgð.

7. Umræður og samantekt

Í þessum kafla mun ég fjalla nánar um niðurstöðurnar í heild og skoða þær í fræðilegu ljósi. Í lokin verða helstu niðurstöður dregnar saman, veikleikar og styrkleikar rannsóknarinnar og framlag þessarar rannsóknar. Þemun sem ég greindi voru; kyn, hæfni, þyngd nefnda, sjálfsmynd, áhugasvið, viðhorf og ábyrgð. Út frá þessum þemum og fræðilegu sjónarhorni um ég leitast við að svara rannsóknarspurningum mínum, en yfirsurningin var: Hvað ræður kynjaskiptingu í nefndum? Sú spurning er mjög opin og útfrá henni spruttu svo nákvæmari spurningar;

- Er það ólík hæfni kvenna og karla?
- Eða eru kynin edlislega ólík?
- Er þetta allt spurning um áhugasvið?
- Eða er þetta samfélagsleg mótun?
- Hver ber ábyrgð á því að jafnréttislögum sé framfylgt?

7.1 Ólík hæfni kvenna og karla?

Umræðan um hæfni til ákveðinna nefndarstarfa var áberandi í rannsókninni. Karlkyns viðmælendum mínum varð sumum mjög tíðrætt um hæfni en hæfnisorðræðan kom ekki fram hjá neinni konu í rannsókninni. Þessi orðræða átti þó yfirleitt við um skipulagsnefnd, hæfni og fagmennsku nefndarmanna skipulagsnefndar. Menn lögðu alla áherslu á að velja hæfasta fólkið, eins og einn orðaði það: „Mér finnst alveg skelfilegt að ef það á að fara að setja út annað hvort karla eða konur og velja bara hitt kynið af því að það vantar annað kynið....og sko við eigum að velja hæfasta fólkið.“ Þegar þessi viðmælandi var spurður um félagsmálanefnd og karlmannsleysið þar sagði hann það vera skipulagsleysi að ekki væru karlar þar, en skiljanlegt væri að einungis væru karlar í skipulagsnefnd því þar væru iðnaðarmenn og þetta væri mjög flókinn málaflökkur. Þannig að hæfnisorðræðan nær ekki yfir félagsmálanefnd og allt í lagi að velja eftir kyni í þá nefnd. Samkvæmt þessari orðræðu þá eru karlar hæfari í skipulagsnefnd heldur en konur. Þó svo það hafi komið fram hjá öðrum viðmælenda mínum að hæfni væri óáþreifanlegt hugtak og snerist alltaf um huglægt mat þá taldi hann hæfni skipta miklu máli og ef hann þyrfti að „fórna blandaðri nefnd“ til að velja „hæfasta“ fólkið myndi hann gera það. Það er greinilega huglægt mat margra að

karlar séu hæfari í skipulagsnefnd án þess að þeir geti sagt af hverju beint. Það átti ekki bara við um karlkyns viðmælendur mína, heldur talaði konan í skipulagsnefnd um það að konur treystu sér sjálfsagt ekki í þessa nefnd, hún væri alls ekki auðveld og mikið af flóknum reglugerðum sem þyrfti að lesa. Sú skoðun var útbreidd að skipulagsnefnd væri erfið og flókin nefnd, sem þarfnaðist fagfólks (iðnaðarmanna) og hæfra einstaklinga. Þó bar örlítið á sprungum í þessum sannleik. Karlmaðurinn í skipulagsnefndinni er ekki iðnaðarmaður og var þess vegna óviss um hvort hann ætti að taka sæti í nefndinni á sínum tíma. Þegar ég spurði hann svo nánar útí það hvort það gæti verið betra stundum að vera ekki iðnaðarmaður þá taldi hann það ekki ótrúlegt, gott væri að geta litið öðruvísi á málin. Hann taldi þetta vera hefðina: „en ég held að þetta sé þessi hefð... að karlarnir hafa alltaf verið í þessu einhvern veginn...“ Því má spyrja sig hvort þessi hefð sé ekki svolítið úreld? Eins vakti athygli mína að skipulagsnefnd hefur þrjá starfsmenn sem eru fagmenn. Því þurfa nefndarmenn einnig að vera fagmenn? Ég spurði karlmanninn í skipulagsnefnd út í það og hann svaraði því til að nefndin ætti að geta treyst á að starfsmennirnir væru upplýstir og þeir (nefndarmenn) ættu svo að vera ráðgefandi, en starfsmennirnir ættu að mata nefndarmenn. Þá er spurning hvort þörfin á iðnaðarmönnum í skipulagsnefnd sé ekki stórlega ofmetin?

En þessi umræða um þyngd skipulagsnefndar var áberandi og menn töluðu um hana sem mjög þunga og erfiða nefnd. Sú umræða er sjálfsagt ekki til þess fallin að fá konur í hana. Öll þessi orðræða æpir á okkur: Þetta er of erfið og flókin nefnd, hérna geta bara verið iðnaðar(karl)menn. En er hún svona flókin? Þegar ég spurði Lárus í skipulagsnefndinni betur um það, talaði hann um að auðvitað gætu komið upp erfið mál en ef maður kynnir sér lögin, þá skiptir bara máli hvað reglurnar segja. Lárusi þótti þetta ekki eins óþægilegt og hann hélt þó svo hann væri ekki sérfræðingur um skipulags- og byggingarlög. Mennt þyrftu bara að kynna sér lögin og ræða við starfsmenn nefndarinnar ef eitthvað er óljóst. Eins velti hann því upp að það hljóti að hafa verið erfitt fyrir Sigríði að koma svona inn á miðju tímabili. Hún hafi verið að koma inn í mál sem aðrir voru búnir að kynna sér og því um líkt. Það litar sennilega upplifun hennar af hversu erfið nefndin sé. En eins hefur orðræðan áhrif á alla. Allir tala um skipulagsnefnd sem erfiða og flókna.

En hvað um félagsmálanefndina? Tveir viðmælendur sem þekktu til töldu hana auðvelda og málin liggja beint við, að ekki fylgdi nefndarsetu í þeirri nefnd mikil vinna. Tveir aðrir viðmælendur töldu hana þó tilfinningalega erfiða, en það er samt greinilegt að hæfnisorðræðan á ekki við um félagsmálanefnd. Hví er orðræðan enn svo sterk? Hvers vegna er það viðtekinn sannleikur að skipulagsnefnd sé flóknari og erfiðari en aðrar nefndir og þurfi að vera fullmönnuð fagmönnum?

Foucault (1970) talar um að menn þurfi að stíga útúr orðræðunni og spyrja sig hver sé sannleiksviljinn sem kemur þar fram. Í þessu tilfelli er sannleikur orðræðunnar sá að karlar séu hæfari í þessa erfiðu nefnd, skipulagsnefnd. En hvers vegna varð sú orðræða til? Samkvæmt Foucault þá getum við með því að stíga útúr orðræðunni, séð hver markalínan sem stjórnar þekkingarvilja okkar er, og þá kemur ef til vill í ljós eitthvað sem líkist útilokunarkerfi (Foucault, 1991[1970]). Guðný Guðbjörnsdóttir (2007) telur einmitt að staða einstaklingsins og sjálfsmynd fari eftir aðstæðum, valdastöðu, félagslegum tengslum og ráðandi orðræðu hverju sinni. Hvernig hugveran skilgreinir sjálfa sig sé pólitískt mál sem tengist félagslegum og menningarlegum öflum sem ná langt út fyrir meðvitund hins vitræna sjálfs. Í því ljósi er áhugavert að skoða jafn fljóttandi hugtak og hæfni sem fylgir skipulagsnefnd. Það sama talar Beauvoir um, að kvenleikinn sé til komin sem viðbrögð við aðstæðum (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999) en aðstæðurnar eru þær að konur passa ekki inn í hæfnisorðræðuna um skipulagsnefndir. Við þurfum þá að velta fyrir okkur af hverju það sé? Hvaðan sprettur þessi sannleikur og hverjir hafa hag af slíkri orðræðu? Skipulagsnefnd er mjög mikilvæg nefnd og hefur um skipulag alls samfélagsins að segja. Þarna eru mikil völd og miklir peningar í húfi og því má velta því fyrir sér hvort ástæðan fyrir þessari orðræðu sé ekki einmitt sú að viðhalda völdum í ákveðnum höndum?

Hæfnisorðræðuna má finna á mörgum sviðum, eitt af þeim er í sambandi við starfsráðningar kvenna. Mikil umræða var um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja fyrir nokkru. Það sem er mest áberandi úr þeirri umræðu er, að þá verði hæfasti einstaklingurinn ekki ráðinn. Fólk vill vera ráðið í stöður vegna hæfni sinnar og menntunar. Þegar hæfnisorðræðunni er svo veifað, þá bakka konur því þær vilja ekki vera ráðnar vegna kyns. Það er sett samasemmerki á milli þess að ráða eftir jafnréttislögum og að ráða óhæfan einstakling. Því skal því engan undra að konur

voga sér ekki að stíga fram og taka sæti í skipulagsnefnd meðan hún er umvafin hæfnisorðræðunni.

7.2 Eðlislegur munur á kynjunum?

Viðmælendur mínir drógu ekki í efa mun á milli kynja. Eðlishyggju hugmyndir voru töluvert áberandi en þó alls ekki algildar. Almennt var talið að kynin hefðu mismunandi sýn og einhver hugsanamunur væri á milli kynja. Konur væru „mýkri sálir“ og hefðu meiri umönnunareiginleika. Þessar hugmyndir ríma vel við hugmyndafræði Kvinnalistans á sínum tíma, en sú hugmyndafræði snerist meðal annars um það að siðferðisvitund kvenna væri betri en karla og eins og kenningar Chodorow segja: konur eru umhyggjusamari, nærgætnari og mynda betri tilfinningatengsl en karlar (Kristín Jónsdóttir, 2007). Þessar hugmyndir um konur lifa greinilega enn í dag, spurningin er bara hvers vegna? Getur verið að samfélagsleg mótun stúlkna gerir þær umhyggjusamari, nærgætnari og í betri tengslum við tilfinningar sínar? Og þar af leiðandi betur í stakk búna til að starfa í félagsmálanefnd? Sú skoðun kom einnig fram að meðfæddur munur á milli kynja væri mikill. Konur fæddu börnin og þær væru þrifnari, hugsuðu frekar um að verja heimilið og færu betur með peninga heldur en karlar. Þessar hugmyndir ríma líka vel við hugmyndafræði Kvinnalistans, en menningarfemínisminn fjallar einmitt um þessa kvennamenningu:

„Konur ganga með börnin, fæða þau og ala upp. Vinnustaður þeirra hefur verið á heimilinu eða í námunda við það, og þar hafa konur þróað sínar sérstöku aðferðir við matargerð, fatasaum, ljósmóðurstörf og umönnun sjúkra og aldraðra. Þrátt fyrir ólík líf skjör kvenna er þetta sameiginlegur reynsluheimur þeirra, arfur þeirra frá kynslóð til kynslóðar, það sem hefur mótað heimsmynd þeirra, sjálfsmynd og menningu“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, 53).

Hefðbundin kvennamenning hefur lítið breyst frá tímum Kvinnalistans og ljóst er að störf á vegum félagsmálanefndar flokkast því sem kvenlæg störf. Þegar ég ræddi við karlmanninn sem hafði verið í félagsmálanefnd, talaði hann um vinnustað sinn (grunnskóla) sem kvennavinnustað og starf sitt sem uppeldisstarf og það væri hugsanleg ástæða fyrir því að hann valdist í þessa nefnd. Eins

samsamar hann sig ekki með hefðbundnum karlmennskuímyndum og hefur aldrei gert. Öðrum viðmælenda mínum þótti þó tilefni til bjartsýni, hún taldi málin vera að þróast fram á veginn. Að karlar eigi ekki bara að vera töffarar heldur megi þeir vera mjúkir líka. Samt sem áður taldi hún konur enn mýkri sálir, með meiri umönnunareiginleika og það taldi hún hugsanlega fæla þær frá leikreglum stjórnmalanna. Það er vel hugsanlegt að karlmenskumenningin í stjórnmalunum sé hindrun fyrir íslenskar konur líkt og þær spænsku (Lombardo, 2008).

7.2.1 Andstæðurnar

Einum viðmælenda mínum þótti það leiðinda eiginleiki kvenna hversu þrjóskar þær væru. Hann talaði um mun á milli vinnubragða karla og kvenna og hans reynsla var sú að konur ættu erfiðara með að gefa eftir. Þó viðurkenndi hann að karlar gætu verið „alveg sauðþráir líka“ en það breytti því ekki að honum fannst þetta reynsla sín af þeim konum sem hann hafði unnið með í sveitarstjórnámálum. Staðfesta og þrjóska eru taldir til karllægra eiginleika en undirgefni og kurteisi frekar til kvenlegra eiginleika. En eins og Sigríður Þorgeirsdóttir (1999) og Susan Ortner (1974) benda á, þá er tvíhyggjan einmitt það að sundurgreining kynjanna gerir það að verkum að þau mynda andstæður. Karlinn er þá fulltrúi menningar, skynsemi og hugar en konan tengist náttúrunni í gegnum líkama sinn og er tilfinningavera. Í þessari tvíhyggjuhugsun eru kynin andstæður. Það sem einkennir karla getur ekki einkennt konur og öfugt. Þess vegna eiga konur ekki að vera þrjóskar líkt og karlar. Tvíhyggjan viðheldur því þeim hugsunarhætti, að kynin séu andstæður og eitthvað sé annað hvort karllægt eða kvenlægt, en ekki bara mannlegt. Félagsvísindin hafna þó eðlishyggjukenningum, en femínísk mannfræði hefur einmitt náð að sýna fram á að kyngervi sé félagslega uppbyggt og þarfnist alltaf ítarlegrar útlistunar innan alls samhengis (Moore, 1988).

7.3 Er þetta allt spurning um áhugasvið?

Áhugasvið virðist vera mjög kynbundið, ekki bara meðal viðmælenda minna heldur almennt. Þegar litið er til vals kynjanna í þessar margumræddu nefndir þá hafa konurnar frekar valið félagsmálanefnd og karlar skipulagsnefnd (Ásta Jóhannsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Eva Reynisdóttir, Guðbjörg Oddný

Jónasdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sigrún Magnúsdóttir, 2007). Þannig var það einnig hér og viðhorf kynjanna til áhugasviðs hvors annars var frekar hefðbundið. Þá töluðu tveir karlar um að konur hefðu meiri áhuga á umhverfismálum en karlar. Þessi umræða er algeng og þykir sjálfsgæður sannleikur. Sú staðreynd að konur séu taldar nær náttúrunni hefur sennilega eitthvað með þetta að gera. Jóhann var sá eini sem tengdi áhugasvið kynjanna við viðhorf. Hann taldi okkur vera inn við beinið óskaplega íhaldssöm. Þannig að venjur ráði áhuga en ekki öfugt. Moore (1999) setur fram svipaða hugmynd, en hún telur okkur vera ómeðvituð um þessa mótun. Að manneskjan sé aldrei fyllilega meðvituð. Virkni og hegðun kyngervis geti því aldrei verið bara meðvitaðar langanir og þrár. Það rímar ágætlega við þær skoðanir þriggja viðmælenda minna að þekking á málefnum auki áhuga. Þórey taldi fáar konur hafa áhuga á skipulagsmálum og gat ekki útskýrt hvers vegna, en hún taldi þó að áhugi kæmi með þekkingu. Hennar reynsla af vinnu í skipulagsnefnd á sínum tíma kveikti á áhuga hennar á skipulagsmálum. Lárus hafði ekki neinn áhuga á skipulagsmálum áður en hann tók sæti í nefndinni, hann sagðist núna hafa mikinn áhuga og stundum fylgjast með hvað væri að gerast annars staðar í skipulagsmálum. Jóhann talaði um að hafa látið til leiðast á sínum tíma í félagsmálanefnd, en áhuginn hafi komið þegar hann var farinn að vinna að ákveðnum málum. Þekkingin á sem sagt einhvern þátt í að móta áhugasvið okkar.

7.4 Samfélagsleg mótun?

Þegar kemur að því að skoða samfélagslega mótun er að mörgu að hyggja. Sjálfsmýndir viðmælenda minna, eins og okkar allra, mótast af samfélaginu og því er talað um hefðbundna kynímynd fólks. Þegar fólk aðgreinir sig frá hefðbundnum kynímyndum síns kyns veur það eftirtekt. Bæði Þórey og Jóhann skáru sig að þó nokkru leyti frá hefðbundnum kynímyndum og voru meðvituð um það. Það er líklegt að ef fólk sker sig úr fjöldanum, viti það af því og streitist jafnvel á móti hefðbundnum venjum um kyngervi (Moore, 1999). Moore nefnir einnig að flestu fólki finnist kyngervi sitt ekkert fljótandi, þannig að til þess að breyta því þarf að vera full meðvitund um það. Sjálfsmýnd annarra viðmælenda var hefðbundnari og taldi Sigríður til að mynda, að karlarnir í skipulagsnefnd sem þyrftu að lesa sömu lög og reglugerðir og hún ættu auðveldara með það, eða að

minnsta kosti vissu þeir svo ótrúlega margt. Þó er spurning hvort viðhorf hennar til þyngdar nefndarinnar hafi eitthvað með það að gera að hún kom inn á miðju tímabili. Sveitarstjórnarmaðurinn hafði einnig mjög hefðbundin viðhorf til hlutverka karla og kvenna og varð tíðrætt um eðli kvenna: „konur fæða af sér börn og annað slíkt og ég held að það sé bara meðfætt. Ég vil álíta það að það sé stíft inn í konum þrífnaður og slíkt og ekkert nema gott um það að segja [...] Ég held að það sé eitt af þessu sem er svona svolítið... meðfætt á milli kynja.“ Orðræðan sem hann viðhafði kemur inná einka- og opinbera sviðið, en konur tilheyra meira einkasviðinu, því persónulega, og karlar opinbera sviðinu. Þessi skipting er nátengd eðlishyggju hugmyndum okkar um virka karlmanninn og óvirku konuna. Fyrirmyndin um opinbera – og einkasviðið hefur verið mjög sterk í félagslegri mannfræði vegna þeirrar tengingar sem hægt er að finna við menningarlegt gildismat um tegundina „konu“ og fyrirkomulag á kvennastörfum í samfélaginu. Ortner bendir á að ein ástæða fyrir því að litið sé á að konur séu nær náttúrunni, sé sú staðreynd að þær eru tengdar einkasviðinu frekar en hinu opinbera sviði samfélagsins. Þrátt fyrir ákveðna andstöðu gegn þessari skiptingu, hefur orðið til almennur rammi utan um hugmyndir okkar um athafnir kynjanna (Moore, 1988). Eins og þessi viðmælandi minn benti réttilega á, þá fæða konur börnin og sú staðreynd virðist færa þær inná við. Þessu er statt og stöðugt haldið fram sem ástæðu fyrir stöðu kvenna. Hugmyndir Beauvoir um að konur fæðist ekki konur heldur verði konur vegna þessara aðstæðna á því vel við. Þó hljótum við að spyrja okkur hvort þessi staða sé óbreytanleg, fyrst konur halda alltaf áfram að eignast börnin? Ekki gengur að hætta því á meðan önnur leið til að fjölga mannkyninu hefur ekki fundist. Er þar með sagt að konur verði að gangast undir þessar ævafornu tvíhyggjuhugmyndir? Mótun kyngervis hefur ekki allt að gera með barnsfæðingar, þó því sé haldið fram. Mótun kyngervis hefst við fæðingu. Er leiðin til þess að breyta kyngervi þá ekki að fara í upphafið? Er mikilvægasta málið hugsanlega að hætta með bleiku og bláu litina á fæðingardeildinni? Því eins og Haraldur Ólafsson (1998) bendir á þá er menning lærð hegðun, sem lærist í uppeldi barna. Félagslegt taumhald er því stór þáttur í að viðhalda menningu. En einnig gamlar venjur og siðir, eins og Jóhann benti á þegar hann talaði um að „við erum öll svona inni við beinið alveg óskaplega íhaldssöm. Og erfitt að breyta svona viðhorfi. Ég held það.“ Hvað þá þegar við erum ekki meðvituð um það að viðhorf okkar eru kannski ekki alveg okkar eigin.

7.5 Ábyrgð á framkvæmd jafnréttis laga

Flestir viðmælendur mínir voru sammála um að sveitarstjórin í heild sinni bæri ábyrgð á framkvæmd laganna. En þó komu upp umræður um meiri og minnihluta og ábyrgð meirihlutans. Niðurstaðan hlýtur þó að verða sú að kjörin sveitarstjórn verði að sammælast um að fara eftir jafnréttislögum og hártoganir um meirihluta og minnihluta verði að víkja fyrir því. Rökin fyrir mikilvægi þessarar löggjafar eru nokkur. Algengustu rökin eru sjálfsagt nytjarökin (Lombardo, 2008) en þau fela í sér að við höfum ekki efni á að fara á mis við mannauð kvenna. Þessi rök notaði Kvinnalistinn líka ásamt því að tala um mikilvægi fyrirmynda, sjálfsögð réttindi og að sérhagsmunir kvenna þyrftu talsmenn (Kristín Jónsdóttir, 2007). Rök Kvinnalistans skarast svolítið við rök Roberts Dahl en hann talar um að svo engir hópar yrðu útilokaðir frá pólitískri þátttöku yrðu þeir að hafa sinn málsvara. Pólitískt jafnrétti sé ein af grundvallarforsendum lýðræðis (Dahl, 2006). Þátttaka kvenna hefur áhrif á hvaða mál eru á dagskrá og hvaða ákvarðanir eru teknar (Þorgerður Einarsdóttir, 2000) og því er óhætt að fullyrða að þátttaka kvenna í skipulagsnefnd og þátttaka karla í félagsmálanefnd geti breytt ákvörðunum nefndanna og víkkað svið þeirra til muna.

Spurningin er hvort það muni breyta viðhorfi fólks að jafna kynjahlutföllin? Ef það er bara verið að fara eftir jafnréttislögum og menn sjá ekki nauðsyn þess að bæði kynin komi að stefnumótun samfélagsins, breytist þá eitthvað? Eins er þá hægt að halda því fram, ef þekking mótar áhugasvið þá hlýtur viðhorf og áhugasvið karla og kvenna að breytast með framkvæmd laganna?

8. Samantekt og lokaorð

Markmið mitt með þessari rannsókn var að skoða betur ástæðurnar fyrir kynjaskiptingu í nefndum sveitarfélaganna, en til þess valdi ég skipulags- og félagsmálanefnd. Leitast var við að svara því hvers vegna konur færu í félagsmálanefnd en karlar í skipulagsnefnd, þrátt fyrir 15. gr. jafnréttis laga. Hvort það væri ólíkt áhugasvið, ólík hæfni, eða hvort eðlishyggjuhugmyndir hefðu þar áhrif. Ég velti fyrir mér í upphafi rannsóknar, hvort jafnréttislögin og tíminn myndu ekki vinna með okkur, en tel eftir rannsóknina að fleira þurfi að koma til. Þær hugmyndir sem eru almennar um kynin viðhalda því kerfi sem nú er til staðar. Enn eru ákveðnar hugmyndir um að kynin séu andstæður, það sem eru karllægir eiginleikar eru ekki kvenlegir eiginleikar. Þessar eldgömlu tvíhyggjuhugmyndir eru enn við lýði. Meðan svo er þykir „eðlilegra“ að konur séu inni á einkasviðinu og sinni mýkri málum, á meðan karlar eiga opinbera sviðið. Fyrir 15 árum datt engum í hug að karlar gætu tekið nokkra mánaða fæðingarorlof og hugsað einir um ungbörn. Nú hafa feður sannað að þeir séu allt eins hæfir til þessara verka og viðhorf flestra hefur breyst. Ljóst er þá að til þess að breyta kyngervum þurfum við að ögra kynhlutverkum enn meir.

Hæfnisorðræðan var mjög áberandi í tali karlkyns viðmælenda minna og nær einungis yfir skipulagsnefnd. Aldrei er nefnd sérstök hæfni í félagsmálanefnd og samkvæmt þessari orðræðu virðast karlar vera hæfari í skipulagsnefndina. Einnig fór hátt sú skoðun að skipulagsnefnd væri mjög erfið og flókin nefnd, en sú fullyrðing fylgdi yfirleitt í kjölfar umræðu um hvers vegna kynjahlutföllin væru ekki jöfn þar. Það blundar undir niðri sú hugmynd að svo flókin og erfið nefnd henti ekki konum, en það viðhorf kom ekki bara fram hjá karlkyns viðmælendum heldur einnig konunni í skipulagsnefndinni. Það má þó ekki líta framhjá þeirri sýn að oft gæti verið gott að vera ekki iðnaðarmaður í skipulagsnefnd og geta þar af leiðandi horft öðruvísi á málin. En það segir okkur að hugsanlega sé það viðhorf að skipulagsnefnd verði að vera skipuð fagmönnum/iðnaðarmönnum, úrelt. Það sem hugsanlega fælir konur frá skipulagsnefnd er þessi hæfnisorðræða og orðræðan um hversu gríðarlega flókin og erfið hún sé. Ótti við að mistakast og standa ekki undir kröfum er eitthvað sem flestir þekkja, og þegar „sannleikurinn“ er sá að þessi nefnd sé eins og lýst var að ofan, er fullkomlega skiljanlegt að konur stígi til hliðar. Eðlishyggju hugmyndir þvælast sennilega einnig fyrir mörgum

þegar kemur að því að velja sér nefndir til að starfa í. En almenn skoðun viðmælanda var sú að kynin væru ólík, konur væru mýkri sálir og þess háttar. Þessar hugmyndir færa konur þá ósjálfrátt inn í mjúku félagsmálanefndina og karla inn í skipulagsnefndina. Það kann því vel að vera að ástæðan fyrir því að karlmaðurinn sem valdist í félagsmálanefnd á sínum tíma sé einmitt sú, að hann starfi á kvennavinnustað og samsami sig ekki hefðbundnum karlmennskuímyndum. Tvíhyggju hugmyndir okkar um kynin eru enn til staðar og sú hugmynd okkar að kynin séu andstæður gera það að verkum að þeir eiginleikar sem við eignum körlum eru síður kvenna og öfugt. Þrátt fyrir ákveðna andstöðu við þessa skiptingu þá hefur, eins og Moore talar um, orðið til ákveðinn rammi utan um hugmyndir okkar um kynin. Það virtist til dæmis viðtekinn sannleikur að konur hefðu meiri áhuga á umhverfismálum heldur en karlar og almennt virðast kynin hafa frekar hefðbundin áhugasvið. Tenging áhugasviðs við viðhorf hjá Jóhanni var áhugaverð og kemur heim og saman við hugmynd Moore um að hegðun kyngervis sé aldrei bara meðvitaðar langanir og þrár. Eins tengist það þeirri niðurstöðu sem þrír af viðmælendum mínum komust að, þeirri að áhugi aukist með þekkingu. Aukin þekking kvenna á skipulagsmálum og karla á félagsmálum fæst því ekki nema með meiri viðkyrningu á þessum málefnum. Þar koma jafnréttislögin inn og fleiri karlar kynnast störfum félagsmálanefndar og fleiri konur störfum skipulagsnefndar. Sú félagsmótun sem á sér stað og býr til þessi kyngervi gerir það samt að verkum að annað þykir kvenlegt og hitt karlmannlegt. Því er ekki úr vegi að velta aðeins fyrir sér hvort við þurfum ekki að endurskoða það mót sem við steypum kynin í frá fæðingu?

Það er von mín að þessi ritgerð auki innsýn í þær fjölmörgu ástæður fyrir ólíku vali kynjanna. Einnig er það von mín að þessi rannsókn geti orðið framlag í umræðum okkar um jafnréttismál. Þó er vert að benda á þann veikleika rannsóknarinnar að hún byggir á viðtölum við aðeins 5 einstaklinga og svo einn hóp. Því er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður, þó vissulega gefi þær okkur ákveðnar hugmyndir um aðstæður. Dýpt viðtalanna vegur þó upp á móti fæðinni. Hugmyndir okkar um kynin eru ekki bundin við ákveðin landssvæði og því tel ég að þessi rannsókn geti svarað að einhverju leyti almennt hverjar ástæður kynjaskiptingar séu. Ástandið í nefndum sveitarfélaga hefur verið svipað um land allt, en það hefði verið fróðlegt að bæta við meginlegri rannsókn og skoða

stöðuna innan nefnda eftir síðustu kosningar, en ég tel það nauðsynlegt verkefni að halda áfram að fylgjast með stöðu kynjanna innan nefnda sveitarfélaga. Sérstaklega vegna mikilvægis þess að bæði kynin taki þátt í stefnumótun síns samfélags.

Heimildaskrá

- Andersen, Margaret L. (2003). *Thinking about Women; Sociological perspectives on sex and gender*. (6. útgáfa). Pearson Allyn & Bacon: Boston.
- Auður Styrkárstöttir, Svanur Kristjánsson. (2001). *Konur, flokkar og framboð*. Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Ásta Jóhannstöttir, Dagbjört Jónstöttir, Eva Reynistöttir, Guðbjörg Oddný Jónastöttir, Marta Sigurðarstöttir og Sigrún Magnústöttir. (2007). *Kynjahlutfall í völdum nefndum sveitarfélaga á Íslandi 2007*. Óbirt misserisverkefni. Háskólinn á Bifröst.
- Barnard, A. (2000). *History and theory in Anthropology*. Cambridge University Press: Cambridge.
- Cudd, Ann, E. Andreasen, Robin O. (2007). *Feminist Theory; A Philosophical Anthology*. Blackwell Publishing: Oxford.
- Dahl, Robert A. (2006). *On political Equality*. Yale University Press: New Haven and London.
- Davies, M.B. (2007). *Doing a successful research project: Using qualitative or quantitative methods*. Palgrave Macmillan: New York.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Jafnréttisþing; Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála*. Reykjavík.
- Fife, Wayne. (2005). *Doing fieldwork : ethnographic methods for research in developing countries and beyond*. Palgrave Macmillan: Basingstoke.
- Foucault, M. (1991) [1970]. Skipan orðræðunnar. Í Garðar Baldvinsson, Kristín Birgistöttir og Kristín Viðarsstöttir (ritstj.), *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. (191-226). Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík.
- Glaser, B. G. Strauss, A. L. (1967). *The discovery of grounded theory: Strategies for qualitative research*. Aldine: New York.
- Guðný Guðbjörnstöttir. (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kynferði við stjórnun menntastofnana. *Uppeldi og menntun*, 10, (9-43).
- Hammersley, M. Atkinson, P. (2007). *Ethnography; principles in practice, third edition*. Routledge: London.
- Haraldur Ólafsson. (1998). *Maður og menning*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Rannsóknarstofa í kvenna-og kynjafræðum: Reykjavík.

- Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999). *Simone de Beauvoir, Heimspekingur, Rithöfundur, Femínisti*. Rannsóknarstofa í Kvænnafræðum, Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Jafnréttisstofa. (2006). *Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2006*. Sótt þann 19. mars 2010 af: http://jafnretti.is/D10/_Files/arsskyrslajafnrettisstofa2006.pdf
- Jafnréttisstofa. (e.d.). *Hlutfall kynjanna í sveitarstjórnnum*. Sótt þann 19. mars 2010 af: <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadDocument&ID=52&DocCatID=25>
- Jóhanna Sigurðardóttir. (e.d.). *Jafnréttislög-til hvers? Flutt á málþingi Kvenréttindafélags Íslands*. Sótt þann 10. febrúar 2010 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/radherra/raedur_js/nr/3673
- Kári Hólmar Ragnarsson. (2009). Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnar- og jafnréttislögum. Í Trausti Fannar Valsson (ritstj.), *Rannsóknnum í félagsvísunum X: lagadeild*. (173-215). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík.
- Kristín Jónsdóttir. (2007). „*Hlustaðu á þína innri rödd*“. Kvænnaframboð í Reykjavík og Kvænnafræðingur 1982-1987. Sögufélag: Reykjavík.
- Kvænnafræðingur. (e.d.). *Rauðsokkahreyfingin (Rauðsokkur, Rauðsokkar)*. Sótt þann 5. júlí 2010 af: <http://kvennasogusafn.is/Kvennasaga/Nyjakkvannahreyfingin/raudsokkur.html>
- Lombardo, E. (2008). Gender Inequality in Politics. *International Feminist Journal of Politics*, 10(1), (78-96).
- Malinowski, Bronislaw. (1984 [1922]). *Argonauts of the Western Pacific: An account of native enterprise and adventure in the Archipelagoes of Melanesian New Guinea*. Waveland Press: Illinois.
- Mead, M. (1935). *Sex and Temperament in Three Primitive Societies*. Morrow: New York.
- Moore, L. H. (1999). Anthropological theory at the turn of the century. Í H. L. Moore (ritstj.), *Anthropological theory today* (1-23). Polity Press: Cambridge.
- Moore, L. H. (1988). *Feminism and Anthropology*. Polity Press: Cambridge.
- Murrey, W., E. Overton, J. (2003). Designing development research. Í R. Scheyvens og D. Storey (ritstjórnar), *Development fieldwork; a practical guide*. (17-32). Sage Publications: London.
- Ortner, S. (1974). Is female to male as nature is to culture? Í M. Rosaldo og L. Lamphere (ritstj.), *Woman, Culture and Society*, (67-88). Stanford University Press: Stanford.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. (2006). *Bríet Bjarnhéðinsdóttir – æviferill*. Erindi flutt á málþingi um Bríeti þann 29. september 2006. Sótt þann 5. júlí 2010 af:

<http://kvennasogusafn.is/Kvennasaga/Briet%20Bjarnhedinsdottir/Briet-Ferill.htm>

- Sigríður Th. Erlendsdóttir. (1997). Til færri fiska metnar. Hlutur Kvenréttindafélags Íslands í kjarabaráttu kvenna 1920-1960. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Íslenskar kvennarannsóknir. Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. (280-289). Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum: Reykjavík.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). Kvennahreyfing millistríðsáranna og átökin um hlutverk kvenna innan þjóðríkisins. Í Irma Erlingsdóttir (ritstj.), *Fléttum II Kynjafræði – kortlagningar*. (103-111). Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum: Reykjavík
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999, 24. apríl). Eðli kvenna í ritum heimspekinga; Frá Aristótelesi til Gunnars Dal. *Morgunblaðið, Lesbók*. Sótt þann 2. febrúar 2010 af: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=463675
- Stefanía Traustadóttir. (1990). *Konur í sveitarstjórnnum, könnun á viðhorfum og reynslu kvenna í sveitarstjórnnum 1986-1990*. Jafnréttisráð: Reykjavík.
- Stefanía Traustadóttir. (1992). *Verkaskipting kvenna og karla í sveitarstjórnnum kjörtímabilið 1990-1994*. Jafnréttisráð: Reykjavík.
- Tea for two. (e.d.). *Illustrating equality, about Tea for two*. Sótt þann 19. mars 2010 af: <http://www.tft.gender.is/>
- Tiger, L. (1999). Demand-Driven Leadership; Female Leaders and Political Interests. *Harvard International Review*, 21(4), (70-74).
- Valgerður B. Eggertsdóttir. (2006). *Af jadrinum og inn á miðjuna. Viðtal við Kristínu Jónsdóttir sagnfræðing*. Sótt þann 5. júlí 2010 af: <http://www.vefritid.is/index.php/greinasafn/af-jadrinum-og-inn-a-midjuna>
- Þingskjal 402. (1975-6). *Frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla*. Sótt þann 10. febrúar. 2010 af: <http://www.althingi.is/altext/97/s/pdf/0402.pdf>
- Þingskjal 48. (1984). *Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla*. Sótt þann 10. febrúar 2010 af: <http://www.althingi.is/altext/97/s/pdf/0402.pdf>
- Þorgerður Einarsdóttir. (2000). Ber konum að hlýða leikreglum stjórnmalanna? Í *Bryddingar um samfélagið sem mannanna verk*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt“ Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði. Af landnámi erlendra fræða og þróun innlendra rannsókna*. (200-225). Háskólaútgáfan: Reykjavík.

Lagaskrá

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008